

Virðum við sjálfsákvörðunar- rétt palestínsku þjóðarinnar?

Í samhljóma ályktun Alþingis 18. maí 1989, sem áður hafði verið samþykkt einróma í utanríkismálanefnd Alþingis sagði: „Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínkra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinu þjóðanna.“

Í sjálfsákvörðunarrétti þjóðar felst ekki síst rétturinn til að kjósa og til að velja sér stjórnarhætti og stjórnvöld.

Íbúar herteknu svæðanna á Gaza og Vesturbakkanum að meðtalinni Austur-Jerúsalem fengu að kjósa í sveitarstjórnarkosningum árið 2005 og síðan í þingskosningum árið 2006.

Í kosningunum 2005 kom til sögunnar nýtt stjórnmálaafl sem fram að því hafði starfað á trúarlegum grunni að samfélagshjálpar og skapað sér vinsældir. Þetta voru Hamas-samtökin sem stofnuð voru 1987, sama ár og Félagið Ísland-Palestína, og sama ár og Intifada, uppreisnin gegn hernáminu, hófst. Hamas-samtökin viðurkenndu með stjórnmálaþátttöku sinni grunninn að samfélagsskipaninni sem á rót í Oslóaryfirlýsingu Frelsis-samtaka Palestínu, PLO og Ísraelsríkis. Þetta var stórt skref fyrir Hamas, því að með þessu viðurkenndu þau í raun til-



Sveinn Rúnar Hauksson læknir, formaður Félagsins Ísland-Palestína, þiggur minjagrip úr hendi Ismail Haniyeh, forsætisráðherra Palestínsku yfirvaldanna á Gaza. Fundur þeirra fór fram sunnudaginn 10. október 2010 að viðtöddum nokkrum ráðherrum, borgararstjóra Gaza-borgar og varaborgarstjóra, auk Hazim Shawa, forstöðumanns Gervifótastöðvarinnar.

vist Ísraelsríkis og tveggja ríkja lausnina svokölluðu.

Í kosningum til Palestínska löggjafarþingsins (PLC) árið 2006 fengu Hamas samtökin 44% en Fatah 41%. Þetta var erfiður biti að kyngja fyrir Fatah samtökin sem borið höfðu höfuð og herðar yfir aðra og leitt heildarsamtök Palestínsmanna, PLO, frá stofnun þeirra og gera enn. Með þessum kosningasigri fékk listi Hamas samtakanna, Breytingar og umbætur, um 60% þingsæta.

Abbas forseti fól sigurvegaranum, Ismail Haniyeh, stjórnarmyndunarumboð, Fatah fékkst ekki til að mynda þjóðstjórn

í fyrstu, en hún kom meðal annars með þátttöku vinar okkar dr. Mustafa Barghouthi. Síðan fór allt í loft upp í júní 2007 þegar kom til vopnaðra átaka á milli Hamas og Fatah, eða öllu heldur á milli öryggissveita stjórnvalda (Hamas) og öryggissveita sem tengdust Abbas forseta og Fatah. Fyrir opnum tjöldum hafði Bandaríkjastjórn borið fé og vopn á síðarnefnda aðilann og herþjálfað sveitir til öryggis- og löggæslu.

Að mati hóps rannsóknarblaðamanna tímaritsins Vanity Fair var hér um að ræða býsna opinskáa ógnun við löggæsluvald

Framhald á bls. 2



**Eftir
Svein
Rúnar
Hauksson**



Virðum við sjálfsákvörðunar- rétt palestínsku þjóðarinnar?

Framhald af forsíðu.

Lýðræðislega kjörinna stjórnvalda. Átök-
in í júní 2007 sem leiddu til mikilla blóð-
súthellinga og bræðravíga voru aðferð
stjórnvalda undir forystu Hamas til að
hindra valdarán af hálfu Fatah.

Frá fyrstu stund eftir kosningasigur
Hamas notaði Ísraelsstjórn sér hann til
að einangra palestínsku þjóðina á al-
þjóðavettvangi og fékk að sjálfsögðu
Bandaríkjastjórn í lið með sér. Verra var
að Evrópusambandið hefur reynst fylgi-
spakt við Bandaríkin og Ísrael. Af Evrópu-
ríkjum stendur Noregur einn upp úr og
hefur opinbert samband við stjórnvöldin
á Gaza og Hamas-samtökin.

Framundan er mikilvæg ferð utanríkis-
ráðherra til Gaza. Ferðin er farin að frum-
kvæði hans sjálfs, en það var á aðalfundi
Félagsins Ísland-Palestína 25. apríl 2010
sem Össur Skarphéðinsson lýsti því yfir
að hann hygðist fara til Gaza. Össur hefur
um árabíl verið einn öflugasti talsmaður
fyrir málstað Palestínu hér á landi. Með
bókun utanríkismálanefndar Alþingis 1.
júní 2010 urðu þessi áform ráðherra að
stefnu Alþingis. Þar ályktaði meirihlutinn

„að fela utanríkisráðherra, í samráði við
utanríkismálanefnd, að skipuleggja ferð
til Gaza svæðisins og að Ísland standi að
því að senda hjálpargögn til að aðstoða
heimamenn og sýna þannig andstöðu
við herkvína sem Ísraelsmenn hafa sett
á Gaza í trássi við alþjóðalög.“

Utanríkisráðherrarnir Evrópulanda hafa
heimsótt Gaza, nú síðast frá Þýskalandi
en hann fór um Egyptaland og Rafah. Aðrir
hafa látið Ísraelsstjórn meina sér
aðgang að Gaza. Mér skilst að okkar ut-
anríkisráðherra hafi lent í því í september
síðastliðnum er hann ætlaði að láta verða
af Gazaferðinni. Ákveðinn flóðhestadans
hefur verið í gangi hjá þessum ráðherr-
um Evrópusambandsins gagnvart stjórn-
völdum á Gaza. Þeir hafa ekki viljað stíga
skrefið til fulls og viðurkenna lögleg og
lýðræðislega kjörin stjórnvöld og því farið
inn á svæðið á vegum UNRWA, Flóttam-
annahjálpar SP fyrir palestínskt flótt-
fólk. Sumir hafa síðan átt óopinbera fundi
með ráðamönnum á Gaza.

Meginatriðið við för okkar utanríkisráð-
herra er að hún sé í samræmi við stefnu

*Frá vinstri: Hazim Shawa,
varaborgarstjóri, Rafiq Mikki
borgarstjóri Gazaborgar,
Sveinn Rúnar Hauksson, Ismail
Haniyeh forsætisráðherra,
upplýsingarmálaráðherra,
samgönguráðherra, ráðherra án
ráðuneytis.*

Alþingis og að hann hiki ekki við að eiga
eðlileg samskipti við lögmæt stjórnvöld á
Gaza. Annað færi á skjön við viðurkenn-
ingu á sjálfsákvörðunarrétti palestínsku
þjóðarinnar. Í því sambandi skiptir engu
hvað okkur finnst um stjórnarhætti eða
stefnu Hamas-samtakanna. Þetta er sú
stjórn sem íbúar herteknu svæðanna
kusu sér í síðustu kosningum. Þær báru
af öðrum hvað snerti lýðræðislega fram-
kvæmd að mati stofnunar Jimmy Carter
fyrrum Bandaríkjaforseta og annarra er-
lendra aðila sem fylgdust með kosning-
unum.

Góðar óskir og traust fylgja Össuri
Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra, í
vandasamri og mikilvægri ferð hans til
Gaza. Hún gæti um langa framtíð haldið
uppi hróðri hans sem stjórnmalamanns,
ekki síður en ferð Steingríms Hermanns-
sonar þáverandi forsætisráðherra til Túnis
í maí 1990, er hann heimsótti Yasser Ara-
fat forseta Palestínu. Arafat var þá stimpl-
aður hryðjuverkamaður af Ísraelsstjórn og
Bandaríkjunum og fékk ekki vegabréfsá-
ritun þangað. Þetta átti eftir að breytast
á örfáum árum, meðal annars fyrir til-
verknað Steingríms sem brautryðjanda. Þannig mun einnig verða um afstöðuna
til Hamas-samtakanna sem hafa í orði og
verki stefnt að friði við Ísrael.

Zíonisminn sýnir sitt rétta andlit

Ríkisstjórn Ísraels samþykkti nýlega
að leggja fyrir þingið lagafrumvarp
þar sem þess verður krafist af öllum íbú-
um Ísraels, að núverandi íbúum af gyð-
ingastofni undanskildum, að þeir vinni
hollustueið við „lýðræðislega gyðinga-
ríkið Ísrael“. Þeir sem neita að sverja
hollustu við þetta ríki eiga á hættu að
verða burtrækir þótt þeir séu í dag lög-
legir íbúar ríkisins og fæddir þar. Laga-
frumvarpinu er ætlað að gera yfirvöldum
auðveldar að flytja burt þá íbúa af ara-
bakyni sem berjast gegn kúguninni sem
þeir eru beittir. Reyndar eru Lieberman
utanríkisráðherra og skoðanabræður
hans ákveðnir í að gera alla araba land-
ræka. En það er ekki framkvæmanlegt
eins og mál standa í dag, því ætla þeir að
nota þessi væntanlegu lög sem áfanga í
stærri áætlun.

En þetta lagafrumvarp er ekki það
eina sem sýnir okkur á hvaða braut Ís-
rael er í dag. Nú liggur einnig fyrir frum-
varp sem er lagt er fram til að hnækja
hæstaréttardómi sem kvað á um að allir
íbúar Ísrael hefðu rétt til þess að búa þar
sem þeir kjósa sjálfir. Nú er það svo að
68% allra bæja og borga í Ísrael eru ein-
göngu byggð gyðingum og það eru að-
eins nokkrar borgir sem eru að uppruna
palestínskar þar sem bæði arabar og
gyðingar búa. Þegar hæstiréttur landsins
dæmdi það ólöglegt að aðgreina íbúa
eftir uppruna þá brugðust bæjarstjórnir
gyðingabyggða fljótt við. Þeir samþykktu
staðbundnar reglur sem kváðu á um að
íbúar skuli sverja „hugmyndum zíonism-
ans“ eið – nokkuð sem arabískir Ísraelar
gera aldrei og yrðu þeir því útilokaðir frá
búsetu. Og nú skal setja lög sem full-
komna verkið og banna alfarið búsetu
Ísraela sem ekki eru gyðingar í stærstum
hluta landsins.

Íbúaföldi Ísraels er í dag 7,2 milljónir
og þar af eru 1,4 milljónir sem eru ekki
gyðingar, aðallega arabar sem eru af-
komendur þeirra frumbyggja landsins
sem ekki voru hraktir burtu við stofnun
Ísraels 1948. Þessi lagafrumvörp eru lið-
ur í þróun sem sýnir æ betur hvers eðlis



hið zíoníska Ísrael er og að zíonisminn
sjálfur er stefna sem byggir á kynþátt-
ahyggju. Zíonisminn er því ósamrým-
anlegur lýðræði og Ísrael getur því ekki
talist lýðræðisríki nema að forminu til.
Innihaldið er meir og meir að þróast frá
lýðræði og fasísk stefna vex fram á sífellt
fleiri sviðum.

Það er ótrúlegt, en því miður satt, að
slík þróun skuli gerast í ríki sem á tilveru
sína því að þakka að umheimurinn sýndi
fórnarlömbum þýska fasismans þá miklu
velild að leyfa þeim að setjast að í Pa-
lestínu. Landi sem þá þegar var byggt
öðru fólk sem á þar rætur sem ná lengra
en sagan kann frá að greina.

Það er fleira sem sýnir hversu langt
Ísrael getur þróast frá nútímaríki yfir í
andlýðræðislegt samfélag. Trúarofstæki
er mjög áberandi í landinu og áhrif þess
vaxa jafnt og þétt innan hersins og í
þinginu. Þekktir Rabbíar sem eiga sér



Eftir
Hjálmty
Heiðdal

marga áhangendur hafa birt yfirlýsingar
sem lýsa kynþáttahyggjunni sem byr í
Zíonismanum. Rabbíinn Ovadia Yosef
lýsti því yfir að „goyim (þýð: aðrir en gyð-
ingar) fæð[i]st eingöngu til þess að þjóna
okkur. Ef þeir þjón[i] ekki Ísraelum eig[i]
þeir engan stað í veröldinni“. Aðrir rabb-
íar, bæði í Ísrael og Bandaríkjunum hafa
m.a. sagt um arabana að það sé réttlæt-
anlegt að „eyðileggja helgistaði þeirra.
Drepa karla, konur, börn og fænað“. Í Ís-
rael rísa nú ýmsar zíonískar hreyfingar
sem birta fasíska afstöðu sína með ár-
ásam á þorp arabana innan Ísrael og á her-
teknu svæðunum ganga landtökumenn
um með vopn og eyðileggja bænahús
og akra Palestínumanna. Þessir hryðju-
verkamenn njóta aðstoðar og verndar
Ísraelska hersins og fá sérstaka búsetu-
styrki frá ríkinu.

Innan Ísrael hefur ýmist fjölmöðlafólk
bent á að vöxtur kynþáttahyggjunnar í
Ísrael og aukin kúgun gagnvart arab-
íska minnihlutunum geti reynst gyðing-
um skeinuhætt. Það er ekki langt síðan
að kynþáttafóksknir gagnvart gyðingum
voru algengar í mörgum löndum. Fram-
ferði fasískra afla á þingi og í þjóðlífi
Ísraels getur orðið til þess að gyðingar
í öðrum löndum geti sjálfir uppskorið
ofsóknir þeirra sem nýta öll tækifæri til
þess að fá útrás fyrir kynþáttahatur.

„Leyfið þeim að borða kóríander!“

Ísraelsstjórn lýsti því yfir nýlega, að hún ætlaði að „léttu á“ herkvinni um Gaza, sem nú hefur staðið í fjögur ár og embættismaður nokkur skýrði frá nýju verklagsreglunum: „Alþýðlegar vörur fyrir alþýðu“. Hinum hörðu og að því er virðist duttlungakenndu höftum sem hafa verið á innflutningi á matvælum á þetta umlukta svæði – kóríander slæmt, kanill góður – mun loks aflétt, að því er okkur er sagt. Þær 1,5 milljónir sem búa á Gaza geta fengið allan þann kóríander sem þeim sýnist.



Þessi „aðlögun“ eins og Benyamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraela orðaði það hefur það markmið eitt að minnka skaðann. Núna, þegar Ísrael er ábyrgt fyrir því að níu borgarar sem voru hluti af skipaflota á leið til Gaza voru drepnir er umheimurinn loksins farinn að velta vöngum yfir því hvaða hlutverki umsátrið þjónar. Þurftu þessir níu virkilega að deyja til að hindra að kóríander, súkkulaði og barnaleikföng kæmust til Gaza? Og, þar sem Ísrael býst við fleiri skipaflotum, þurfa fleiri að vera líflátnir til að framfylgja þessari stefnu?

Ísrael, sem sætir þessari óvelkomnu athygli – rétt eins og Bandaríkin og Evrópuríki sem eru samsek í umsátrinu – vill fyrir alla muni dreifa athyglinni frá kröfum um að herkvinni verði aflétt gjörsamlega. Þess í stað kjósa Ísraelar að halda því

fram að með umfangsminna flutningsbanni á Gaza verði gerður skýr greinamunur á nauðsynlegum „öryggisaðgerðum“ og óréttlátu banni á „varningi handa almennum borgurum“. Ísrael hefur tekið að sé hlutverk skurðlæknis sem fær síamstvíbura til meðferðar og tekst að afskilja þá með stórfenglegri skurðaðgerð. Netanyahu sagði ríkisstjórn sinni að þetta yrði til þess að „öryggisgæsla í tengslum við herkvína yrði hert því að nú get[um] Hamas ekki lengur áfellt Ísraela fyrir að skaða almenna borgara“. Hlusti

Jafnvel þó margar af vörunum séu ekki lengur bannaðar, þá þurfa þær samt að rata inn á hið umlukta svæði. Ísrael ræður yfir landamærunum og ákveður hversu mörgum vörubílum er hleypt inn á dag. Nú er fjöldi vörubíla, sem fá leyfi til flutnings, aðeins fjórðungur af því sem áður var og ólíklegt að á því verði markverð breyting. Enn fremur er það hluti þessarar „öryggisherkvíar“ að það sé áfram bann á vörum eins og sementi og stáli, sem eru nauðsynlegar til að endurbýggja og gera við þúsundir heimila sem var eytt í árás Ísraelshers fyrir 18 mánuðum.

Hvað sem öðru líður, þá er engin von um að efnahagurinn batni fyrr en Gazabúar geta ráðið yfir sínum eigin landamærum, höfn og flugvelli, búið er að endurreisa verksmiðjurnar og útflutningur verður aftur mögulegur.

Fyrir yfirgnæfandi meirihluta Palestínumanna á Gaza, sem sekkur æ dýpra í fen fátæktar, verður listinn yfir leyfilegar vörur – þar á meðal kóríander – áfram ekkert meira en eitthvað til að stefna að.

En það skiptir meira máli fyrir ráðamenn Ísraela að með því að beina athygli okkar á meint endalok „borgaralegu herkvíarinnar“ vonast þeir til að við gleymum að spyrja beinskeittari spurningar: „Hver er tilgangurinn með þessari endurnýjuðu „öryggisherkví?“

Í gegnum árin hefur Ísraelum ýmist verið sagt að herkvíin hafi verið sett á til að einangra „hryðjuverka“ leiðtoga Hamas, að hún eigi að vera eins konar skiptimynt til þess að stöðva eldflaugaárásir á nálægar ísraelskar byggðir; hindra vopnasmygl til Gaza; og knýja fram að hermanninum Gilad Shalit verði sleppt.

Ekkert af þessu stenst minnstu athugun. Hamas er öflugri en nokkru sinni, eldflaugaárásir er svo gott sem lokið, og það fyrir löngu; vopnasmyglarar nota þá urmúl af göngum sem liggja undir landamærin við Egyptaland í stað Erez og Karni-landamærastöðvanna Erez og Karni og Gilad Shalit væri þegar kominn heim til sín ef Ísrael væri einhver alvara með að fá hann lausan gegn því að umsátrinu yrði aflétt.

Eftir Jonathan Cook



Rauverulegt markmið umsátursins var ljóst frá upphafi þess árið 2006, skömmu eftir að Hamas vann þingkosningarnar í Palestínu. Dov Weismann, þá helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, sagði að þetta myndi setja Palestínumenn á Gaza „í megrunarkúr en ekki drepa þá úr hungri.“ Hjálparstofnanir geta vottað um þá gífurlegu vannæringu sem fylgdi. Weismann játaði að helsta markmiðið væri að refsa almenningi á Gaza í von um að hann myndi steypa Hamas.

Er Weismann eftirlegukind frá stjórnarstefnunni sem réði á undan Netanyahu, og er sveltistefna hans útdauð? Svo er ekki. Það er ekki lengra en mánuður síðan að Netanyahu varði stefnuna í réttarhöldum vegna umsátursins, ekki sem varnaðgerð heldur sem „efn-

ahagslegan hernað“ gagnvart Gaza. Í einu skjali var meira að segja ákvarðað hvaða lágmark af kalóríum – eða „rauðum línum“, eins og þær voru einnig kallaðar – Gazabúar þyrftu, í samræmi við aldur og kyn.

Sannleikurinn er sá að þessi „öryggisherkví“, í fyrri og nýrri mynd er að öllu leiti „herkví gegn borgurum“. Hún var hönnuð sem „hópfesing“ gagnvart íbúum Gaza fyrir að hafa kosið ranga leiðtoga. Blessunarlega er skilgreint í alþjóðalögum hvers eðlis stefna Ísraela er: Hún er glæpur gegn mannkyni.

Það kann að vera skárri en ekkert að létt sé á herkvinni svo að íbúar Gaza sveltir hægar. En raunveruleg skylda alþjóðasamfélagsins er að frelsa 1.5 milljónir Palestínumanna úr fangelsinu sem

Ísraelar hafa hneppt þá í.

Jonathan Cook er rithöfundur og fréttamaður og er búsettur í Nasaret í Ísrael. Nýjustu bækur hans eru Israel and the Clash of Civilization: Iraq, Iran and the Pan to Remake the Middle East (Pluto Press) og Disappearing Palestine: Israel's Experiments in Human Despair. Heimasíða hans er www.jkcook.net

Útgáfa af þessari grein birtist upphaflega í The National, útgefið í Abu Dhabi. Úgáfan sem hér er stuðst við birtist á vefritunum The Electronic Intifada 28. júní 2010.

Einar Steinn Valgarðsson
þýddi úr ensku.

1 28. júní 2010, athugasemd ritstjóra.

Samstöðufundur með Palestínu í Norræna húsinu mánudaginn 29. nóvember kl. 17

Alþjóðlegur samstöðudagur til stuðnings palestínsku þjóðinni er haldinn 29. nóvember ár hvert að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Félagið Ísland-Palstína var stofnað á þessum degi árið 1987. Félagið hefur alla tíð gert þennan dag að baráttudegi fyrir grundvallarréttindum palestínsku þjóðarinnar.

Dagskrá:

Árni Þór Sigurðsson alþingismaður, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, flytur ræðu

Sveinn Rúnar Hauksson læknir, formaður félagsins, segir frá nýlegri ferð til Gaza í máli og myndum

Kristín Sveinsdóttir syngur nokkur íslensk lög við undirleik Jóns Stefánssonar

Hjálmtyr Heiðdal kvikmyndargerðarmaður og stjórnarmaður FÍP sýnir tvær stuttmyndir frá Gaza

Fundurinn er öllum opin – ókeypis aðgangur

Ákall um frið

Sniðgönguherferð gegn Ísrael!

Í byrjun árs 2005 var efnt til sniðgönguherferðar gegn Ísrael en um 170 félagasamtök (NGO) gáfu út sameiginlega yfirlýsingu um herferð þar sem ríki og einstaklingar út um allan heim voru hvött til að sniðganga Ísrael á menningar, menntunar og viðskiptalegu sviði. Í yfirlýsingunni voru sett fram þrjú megin markmið fyrir þessari herferð en þau eru:

1) Að Ísrael hætti hernámi og landráni á löndum Araba og að Ísrael rífi niður aðskilnaðarmúrinn.

2) Að Ísrael tryggji að Arabar í Ísrael fái full réttindi og að jafnrétti sé tryggt.

3) Ísrael skal tryggja og viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa til síns heima og fylgi því ályktun Sp númer 194.

Þetta ákall til friðar kom ári eftir að Alþjóðadómstóllinn í Haag úrskurðaði að aðskilnaðarmúrinn sem Ísrael er að byggja á palestínsku landsvæði væri ólöglegur. Markmiðið með þessu er að hvetja aðila hvar sem er í heiminum að taka til friðsamlegra aðgerða gegn hernáminu og með samstilltu átaki er von á því að Ísrael gefi eftir þrýstingi og fari að virða mannréttindi og alþjóðalög.

Aðferðir Ísraelsmanna hafa lengi borið keim af aðferðum sem notaðar voru í aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku en landnemar Ísraels hafa hertekið bestu ræktunarlöndin, helstu vatnslindir og stór skert ferðafrelsi Palestínumanna með því að leggja vegi, múra og hindranir á við og dreif um Vesturbakkann. Ísraelsmenn hafa byggt sér vegakerfi á Vesturbakkanum sem Palestínumenn mega alls ekki koma inn á og er aðeins ætlast til þess að Ísrelsmenn noti það. Í dag hefur múrinn t.d. innlimað helstu vatnslind Palestínumanna inn í Ísrael og umlukið margar borgir algjörlega svo það er aðeins ein leið út úr þeim.

Þrátt fyrir að ANC & Mandela notuðu vopnaða baráttu í Suður-Afríku virtist það ekki duga til að brjóta niður her-



Eftir Yousef Tamimi

námið í Namibíu og aðskilnaðarstefnuna sem var við lýði! Það var ekki fyrr en alþjóðlegur þrýstingur varð að veruleika



að eitthvað fór að gerast í málefnum en skilaboðin til yfirvalda S-Afríku voru einföld: Ekkert menningarsamstarf, engin viðskipti, engir Ólympíuleikar eða íþróttasamstarf – fyrr en hernámið og aðskilnaðarstefnan heyrðu sögunni til.

Eftir áralanga baráttu í Suður-Afríku féll aðskilnaðarstefnan og jafnrétti var sett á lagginnar og við vonum að með þessari baráttu verður raunin sú sama. Við getum ekki fallist á það að lífa hér á 21. öldinni vitandi það að ríki sem við teljum vera með mestu ríkjum heims sé að stunda grimman aðskilnað, ólöglegt hernám og myrði saklausa borgara á hverjum degi.

Félagið Ísland-Palestína svaraði ákalli þessara hreyfingar og höfum við reynt að kynna fyrir fólki hve mikilvægt það er að sniðganga Ísrael og hvað það getur leitt af sér. Á Íslandi er ágætis fjöldi af Ísraelskum vörum og samkvæmt Hagstofu Íslands voru fluttar inn vörur frá Ísrael árið 2009 fyrir 732,5 milljónir króna og þar af vega grunnefni til efnaiðnaðar, grænmeti, ávextir og ýmsar vélar og samgöngutæki þyngst. Þær Ísraelsku vörur sem standa almenningi til boða í verslunum eru t.d. avókadó og greipaldin. Mikilvægt er að varast þær vörur sem merktar eru „Palestinian Produce“ eða jafnvel „Product of Palestine“ því þær eru oftast framleiddar af Ísraelskum landræningjum á herteknu svæðunum.

Meðal þeirra vara sem finnast í dag eru fersk krydd (tímían, basilikum, kóríander, o.s.frv.) í kældeild Bónus undir vörumerkinu King's. Í Byko má finna Kapro málbönd og hallamál. Í Krónunni er breytilegt hvaðan ferskir ávextir og grænmeti eru keypt inn en í Krónunni er mjög skýrt merkt með fána og nafni lands hvaðan vörurnar koma. Sem dæmi um Ísraelska ávexti má nefna avókadó frá Kedem Hadarim. Í búðum The Pier og Signature of Nature í Smáralindinni er að finna húðkrem og aðrar snyrtivörur frá Yes To, bæði Yes To Carrots og Yes To Cucumbers. Einnig eru vörur frá Sea of Spa og Sea of Life.

Á heimasíðu Félags Íslands-Palestína (palestina.is) má sjá lista og myndir yfir helstu Ísraelskar vörur á Íslandi. Við hvetjum fólk til að kynna sér listann en listinn er þó alls ekki tæmandi og ef fólk finnur Ísraelskar vörur í verslunum á Íslandi sem ekki eru á listanum þá viljum við endilega að þið sendið okkur email (palestina@palestina.is) og greinið okkur frá því svo að við getum bætt þeim við í safnið.

Lifi frjáls Palestína!

Þetta var auðvitað það sem þau vildu

Það er kominn tími til þess að almannatenglar Ísraelsku ríkisstjórnarinnar nýti hæfileika sína til fulls og leigi út þjónustu sína. Þá gætu þeir verið til staðar hvenær sem brjálæðingur réðist inn í verslunarmiðstöð einhvers staðar eins og í Wisconsin og skyti til bana hóp vegfarenda, og tjáð heimspressunni að „árásarmaðurinn harm[í] dauðsföllin en hann [hafi gert] allt sem hann gat til að koma í veg fyrir ofbeldi“. Þá gætu hinar og þessar ríkisstjórnir gefið út yfirlýsingar á þessa leið: „Við vitum einungis að maður vopnaður AK-47 rifli gekk berserksgang og við hlið hans liggur haugur af líkum, en þar til við vitum allar staðreyndir málsins getum við ekki felld dóm um hvað átti sér stað“.

Máli sínu til stuðnings hafa Ísraelar sent frá sér mynd af vopnunum sem þeir fundu um borð (sem eru í hæsta lagi nokkrir hnifar, verkfæri og prik) sem grunnhyggjur gætu ætlað að maður gæti búist við að finna á hvaða skipi sem er, en hinir glöggari munu átta sig á að eru akkúrat vopnin sem maður myndi bera á sér ef maður hefði í hyggju að sigrast á Ísraelsher. Vopnabúrið er minna en maður myndi finna í dæmigerðum verkfæraskúr í garði einhvers í Cirencester, sem sýnir að það er eins gott að Ísraelar rústi Cirencester sem fyrst, í nauðsynlegri sjálfsvörn.

Það er synd að þeir hafi ekki verið hugmyndaríkari, þar sem þeir hefðu getað sagt „við fundum líka banvæna loftvog og áttavita sem er ekki einungis hægt að kasta í höfuðið á einhverjum heldur er meira segja með merkingar sem hjálpa árásarmanninum að vita í hvaða átt hann á að kasta honum og kíki sem má auðveldlega breyta í geislabyssu“.

Þetta væri jafn rökrétt og yfirlýsing talsmanns Ísraelska forsætisráðherra – „Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til þess að koma í veg fyrir þetta atvik“. Því þetta smáræði sem ráðamenn reyndu var að senda ekki vopnað landvarnarið á svæðið í þylum um miðja nótt að skjóta fólk. Tæknin hlýtur að vera mér meðfædd því ég kemst oft í gegnum allan daginn án þess að klifra úr þylu



Eftir Mark Steel

og skjóta fólk, og ég er ekki einu sinni að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess. Stjórnmalámennt og aðrir álitsgjafar um heim allan endurtaka einhverja útgáfu af þessari línu. Þeir átta sig á því að þjóð nokkur hefur sent landvarnarið sitt gegn fólki sem er að flytja vistir til orvæntingarfulls fólks, og að landvarnarið skýtur í leiðinni ymist þeirra til bana, og samt kenna þeir reiðilega hinum dauðu um. Ein dæmigerð fyrirsögn sem birtist í gær var svohljóðandi „Aðgerðarsinnar fengu það sem þeir vildu – átök.“ Þetta viðhorf er svo brenglað að það á skilið að vera skrásett sérstaklega sem nýskilgreind geðtruflun, eitthvað í líkingu við „Öfugt sláturspolenda ringlunarheilkenni“.

Ísrael og stuðningmenn þeirra halda því fram að hópurnir Viva Palestina, sem er skipaður fólki sem safnar matargjöfum, sementi og lágmarks hreinlætistækjum, svo sem salernum og flytur svo varninginn til Gaza, hafi allan tímann viljað ofbeldi. Því hópurnir hefur eflaust hugsað Hezbollah gat ekki sigrað Ísraela en það er vegna þess að ólíkt okkur var Hezbollah ekki með fyllur fyrir salerni og nokkra kassa af plómutómötum“.

Ein blaðagrein tjáði okkur að skipafloinn væri uppfullur af „föntum sem þyrst[í] í átök“ og ásaði svo skipverja um að hafa síður hjálparstarf í huga en auglýsingabrellu. Vera sænska rithöfundarins Henning Mankell á skipinu rennir stoðum undir það“.Voru þetta þá fantar eða snerist þetta um auglýsingabrellu? Voru skipverjar með fantadeild og auglýsingabrelludeild eða rann þetta allt saman, svo að rithöfundurinn dreifði athygli her-

mannanna með persónusköpun sinni á meðan hermennirnir réðust á þá með banvænum hallamæli?

En sumir verjendur Ísraels eru svo blindir fyrir því sem gerist fyrir augum þeirra að það er ekkert sem þeir myndu hika við að verja. Ísrael gæti sprengt kattaheimili og áður en fimm mínútur væru liðnar myndu þeir hrópa: „Hvernig vitum við að kettirnir hafi ekki verið að smygla semtex-sprengiefni í feldinum sínum til Hamas?“

Ef Íranir eða einhverjir aðrir sem við erum að reyna að útmála sem óvini hefðu framið þetta ódæði hefði það valdið þvílíku þrumuskýi að það hefði stöðvað flug.

En þar sem þetta er Ísrael, þá tjá ríkisstjórnir sig í nokkrum diplómátskum frös-um þar sem enginn er ásaður heldur er fallist á að það sé „miður“ að dauðsföll hafi orðið. Þær hefðu allt eins getað valið sér orð af handahófi úr orðabók svo að okkur yrði flutt eftirfarandi frétt: „William Hague lýsir dauðsföllum sem „sexhyrnum“. Og þá segði í yfirlýsingu frá öldungadeild Bandaríkjaþings: „Þetta er allt mjög ruglingslegt. Við skulum vona að framvegis muni þeir gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að svipað atvik endurtaki sig.“

Mark Steel er breskur dalkahöfundur, rithöfundur, sósíalisti, grínisti og aktivisti. Hann hefur einnig verið með þætti í útvarpi og sjónvarpi.

Einar Steinn Valgarðsson þýddi greinina úr ensku.

Gervifætur til Gaza

Söfnunarreikningur

542-26-6990

kt. 520188-1349

Að semja um hið óumsemjanlega

Nú standa enn og aftur yfir svonefndar friðarviðræður milli Ísraela og Palestínumanna. Yfirlýstur tilgangur þeirra og lokamarkmið er stofun ríkis fyrir Palestínumenn á svæði sem nemur um 22% af þeirra forna heimalandi. Þessar viðræður, sem eru reyndar strand skv. nýjustu fréttum, eru framhald af „friðarf-erli“ sem hefur staðið í tæp 20 ár. Árangurinn er enginn og skal engan furða þegar horft er til þess hvernig til þeirra var stofnað og raunverulegs tilgangs.

Ísrael er sá aðili sem hefur gengið að samningaborðinu með þær kröfur að þeim sé frjálst að halda áfram að ræna landi og réttindum mótaðilans samtímis því að menn eiga að ræða leiðir til friðar. Þeir hafa fullan stuðning Bandaríkjanna, jafnt Obama sem fyrr forseta, og geta því sett ný og nú skilyrði. Það blasir því við að það er enginn vilji til sátta og friðar hjá þeim aðilum sem fara fram með þessum hætti. Samt heldur þessi sjónleikur áfram með nýjum og nýjum sirkusatriðum frammi fyrir fjölmiðlum heimsins.

En það er fleira sem sýnir fáránleika þessa ferlis. Kjarni þessa máls er sá að öllum þjóðum og öllum mönnum eru tryggð viss grundvallarmannréttindi í alþjóðasamningum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Meðal þeirra er réttur til búsetu, atvinnu, frjálsra kosninga og frelsis til ferðalaga. Allt réttindi sem venjulegur Vesturlandabúi telur sjálfsögð. Palestínumenn, um 10 milljónir manna, hafa verið án þessara réttinda áratugum saman. Þess er krafist af þeim að þeir setjist að samningaborði til þess að semja um þessi réttindi sem allir eiga að njóta án þess að þurfa að semja um það sérstaklega. Það liggja fyrir ítrekaðar samþykktir frá S.Þ. að hernumdum svæðum beri að skila og að flóttamenn skuli fá að snúa til síns heima eða fá skaðabætur, kjósi þeir það. Einnig er bannað að nýta sér hernumin svæði og senda þangað fólk til búsetu. Það er einnig bannað að nýta náttúruauðlindir svæðisins fyrir hernámsþjóðina. 550,000 Ísraelar hafa sest að á Vesturbakkanum og lagt undir sig land og vatnslindir. Ennfremur banna



þeir Palestínumönnum aðgang að landi sínu með vegatálmunum og múrunum margfræga. Í raun er málið ekki flókið. Verði þess krafist af Ísraelum að þeir fari að alþjóðalögum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna, þá leysist ágreiningurinn í stórum dráttum. Eftirleikurinn fælist í því að alþjóðasveitir mættu á svæðið og hefðu eftirlit með því að Ísraelar virtu réttindi Palestínumanna.

Fylkingar sem fjalla um málið

Þeir sem fjalla um þessar viðræður á opinberum vettvangi, jafnt fréttamenn sem aðrir, skiptast í tvær fylkingar.

Önnur fylkingin, og þann hóp fylla nær allir fréttamenn stærri fjölmiðla á vesturlöndum, skrifar um málið á þeim forsendum sem stjórndendur viðræðanna leggja fram.

Í því felst að taka það gott og gilt að Palestínumönnum beri að sitja við samningaborð og reyna að semja um réttindi

sem er ekki hægt að semja um. Ef Palestínumenn afsala sér ekki landi sínu að stórum hluta, ef þeir fallast ekki á skert ferða- og atvinnufresli og afsal á réttindum flóttamanna þá verður enginn árangur. Þá hafa þeir hafnað friði að mati Ísraels og Bandaríkjanna. Þó eru bæði þessi ríki aðilar að S.Þ. og hafa undirritað marga alþjóðasamninga um réttindi og skyldur ríkja. Og ennfremur er talið eðlilegt að þeir sitji sem fastast við samningaborðið þótt mótaðilinn haldi áfram að eyðileggja allar forsendur samninganna.

Þetta er sá sannleikur sem blasir við en samt fjalla vestrænir fjölmiðlar um viðræður með þeim hætti að almenningur skal trúa því að hér sé eitthvað jákvætt á ferðinni. Mennirnir séu þó að talast við og þá sé einhver von.

Hin fylkingin fjallar um málið út frá raunveruleikanum og segir satt og rétt frá. Þessi hópur fjölmiðlamanna og skribenta á sér fyrst og fremst athvarf á netinu og einstaka ljósvaka- og prentmiðlum. Þessi hópur veit að tilgangur Ísraela er sá að halda áfram að ræða frið og forsendur hans samtímis því að þeir tryggja með framferði sínu að friðurinn verður æ fjarlægari. Þessum hóp er ennfremur ljóst að stefna Ísraelsstjórnar, zíonisminn, býður ekki upp á annað en algjör yfirráð þeirra yfir allri Palestínu. Friður og frelsi fyrir Palestínumenn er því ekki viðfangsefni

Framhald á bls. 21

Ferðasaga frá Palestínu

Formaður félagsins, Sveinn Rúnar Hauks-son ferðaðist um Palestínu frá 19. september til 3. nóvember 2010.

Fyrstu 10 dagana var hann á Vesturbakkanum að meðtal-inni Austur-Jerúsalem en 1. október auðnaðist honum að komast inn á Gaza-svæðið eftir nokkrar tafir, en upphafleg áætlan gerði ráð fyrir að stoðtækjasmíð-ir á vegum Össurar Krist-inssonar (OK Prosthetics) ásamt Hauki Sveinssyni ritara hópsins og SRH færu inn á svæðið 22. september. Eftir vikubið urðu þeir frá að hverfa. Óskar Lárusson kom svo ein-um mánuði síðar og smíðaði 21 gervifót á 18 einstaklinga, yngst var sjö ára stúlka. Sveini hafði þá tekist að koma efninu inn á svæðið frá Jaffa þar sem það var í geymslu.

Fyrri hluta ferðarinnar var að mestu varið á sjúkrahúsum í Austur-Jerúsalem og Hebr-on. Einnig átti formaður ásamt Hauki Sveins



Aðkoma að Gaza við Erez:

Leigubílastöðin er í um tveggja km. fjarlægð frá afgreiðslu ísraelsku landamæravardanna.

Hár múr umlykur stöðina og liggur í báðar áttir frá henni. Lægri múrveggur umlykur gangveginn frá landamærunum.

fund með dr. Mustafa Barghouthi og var tekið viðtal við hann. Lagt var á ráðin um næstu heimsókn dr. Mustafa til Íslands, en utanríkisráðherra stand-ur að því heimboði.

Dvölinni á Gaza-svæðinu frá 1.-24. október lauk óvænt með því að landamærum Egyptalands var lokað fyrir Sveini. Hann var bundinn á fundi hjá Aisha en fór í fljótheitum suður til Rafah til að kveðja félagana frá Írlandi og aðra sem komið höfðu í

Viva Palestina bílalestinni. Leyfi fékkst með vegabréfsáritun til að fara inn í Egyptaland en þegar Sveinn ætlaði að snúa til baka á Gazasvæðið sama kvöld var lokað. Snemma næsta morgun var hann beðinn um að bíða í 5 mínútur sem urðu nærri fimm klukkustundir á landamærunum Egyptalandsmegin en

SRH með Mahmoud Zahar, einum helsta leiðtoga Hamas-samtakanna í garðveislu til heiðurs Viva Palestína á Gaza 22. okt. 2010.



Heimsókn í SOS barnaþorpið í Aqaba, Jórdaníu Stefanía Khaliefeh, heiðurskonsúll Íslands í Jórdaníu, er önnur frá hægri.

í máli og myndum

þá var honum tilkynnt að hann fengi ekki að fara inn á Gaza. Egypsk stjórnvöld leyfðu það ekki og engin skýring fékkst.

Formaðurinn stóð uppi nær auralaus og vantaði alla hluti til daglegs brúks nema myndavélar og tölvu sem voru í bakpokanum. Hann kom sér fyrir á ódýru hóteli í El Ariesen en peningar bárust ekki fyrr en tveimur vikum frá Íslandi, en talið hafði verið um í bankanum að það tæki tvo daga. Þá var Sveinn löngu farinn norður á bóginn fyrir peninga sem bárust frá Gaza og tók það minna en klukkustund þrátt fyrir 50 km akstur frá Rafah til El Ariesen. Hann átti síðan eftir að aka yfir 1000 km leið til að komast út úr Egyptalandi um Taba og inn í Eilat í Ísrael, algerlega athugasemdalaust. Síðan inn í Jórdaníu til Aqaba og þaðan til Amman. Frá Amman var svo farið yfir Al-lenby/King Hussein-brúna 1. nóvember. Þá lenti Sveinn í 10 klst yfirheyslu hjá leynipjónustunni sem lauk með þeim úrskurði að honum væri heimilt að vera í Ísrael næstu þrjá mánuði en mætti ekki fara inn á Gaza. Undarlegur úrskurður ef um var að ræða mann sem á einhvern hátt stofnaði Ísrael í hættu! Auðvitað var ekki um það að ræða, heldur refsingu fyrir að eiga fundi með forystumönnum stjórnvalda á Gaza, forsætisráðherra og öðrum sem tilheyra Hamas. Amitai kapteinn í þeirri deild Ísraelshers sem sér um alþjóðasamtöl og erlenda ferðamenn til Gaza fékk ekki skýringu á banninu sem hernum fannst ástæðulaust og hafði veitt Sveini leyfi. En Amitai kapteinn taldi bannið komið til af því að Sveinn hefði verið að hitta leiðinlegt fólk á Gaza, einsog hann orðaði það.

Það var heilmikið áfall að komast ekki aftir inn á Gaza. Sveinn var þar mitt í mörgum verkum. Eitt var Mariusjóðurinn, en ekki var búið að fullskipa stjórn hans og halda fyrsta fund til að ákveða hvert fyrsta styrktarverkefnið yrði. Þá var Sveinn að vinna á fullu með samstarfsaðila okkar í Heilsustarfsnefndunum (UHCW) og var vart byrjaður í verkefnum með öðrum slíkum, það er Geðhjálparsamtökunum. Sveinn var nýkominn í samband við læknadeild Íslamska háskólans sem er stærsti háskólinn á Gaza. Hann hafði verið þar í heimsókn í vikunni áður og hitt rektor háskólans að máli, framkvæmdastjóra alþjóðlegrar samvinnu, en fyrst og fremst forseta læknadeildar og samverkamenn hans. Samvinnuverkefni voru að komast á dagskrá. Háskólinn er mjög fallegur og vel útbúinn. Nánast allir prófessorar eru doktorar úr frægustu háskólum Bandaríkjanna og Bret-

lands og öll kennsla fer fram á ensku. Þannig mætti áfram telja og ekki síst var Sveinn hálfnaður við að eiga viðtöl við - og skoða alla þá sem fengið hafa gervifætur frá okkur og meta árangurinn. Stefnt er að áframhaldi á verkefninu, en Óskari tókst ekki einungis að smíða gerv-



Gjörgæsludeild Al Awda sjúkrahússins er staðsett á annarri hæð. Í þrjú ár hindruðu ísraelsk hernámsyfirvöld að lyfta kæmi á sjúkrahúsið sem búið var að greiða að fullu og öll gjöld. Þetta kom sérstaklega illa í árásarstríðinu um áramótin 2008–2009 en þá varð að bera hina verst særdðu upp á aðra hæð. Lyftan er nú

ifætur á 18 einstaklinga heldur kenndi hann tveimur fagkonum á Gervilimastöðinni að smíða gervifætur með íslensku aðferðinni, aðferð Össurar. Hann skildi tækin eftir þannig að nú þarf einungis að koma efni til smíðanna á áfangastað.

Al Awda sjúkrahúsið: Al Awda (=rétturinn til heimkomu) sjúkrahúsið í Jabaliya flóttamannabúðunum er rekið af Heilsustarfsnefndunum, UHCW, sem er einn helsti samstarfsaðili FÍP á Gaza. Al Awda er mikilvægasta sjúkrahús norðursvæðisins þótt ekki sé það í stærri kantinum. Þar er meðal annars eina kvensjúkdóma- og fæðingardeild norðurhluta Gaza og sinnir það um 360 þúsund manna byggð, þar af eru 150 þúsund manns í flóttamannabúðunum. Geysilegt álag var á sjúkrahúsinu í árásarstríðinu sem hófst þriðja í júlum 2008 og stóð í þrjár vikur með látlausum sprengjuárásum úr lofti, af landi og sjó.

kominn. Þetta er aðeins eitt dæmi um hvernig ísraelsk stjórnvöld spilla fyrir allri þjónustu á Gaza, þar á meðal heilbrigðisþjónustunni. Eins var með fluoroskopíu, grundvallar röntgentæki sem fékkst ekki afgreitt gegnum Ísrael í meira en ár, þótt hún væri að fullu greidd.



Gervifætur til Gaza; Hér sést allur hópurinn sem flutti gervifætur til Gaza í september síðastliðnum, en varð frá að hverfa. Hópurinn er í heimsókn hjá dr. Hazim bæklunarskurðlækni og lækningaforstjóra Al Mezan sjúkrahússins í Hebron. Frá vinstri: Óskar Þór Lárusson, Johan Snyder frá Suður-Afriku, Sveinn Rúnar Hauksson, dr. Anton Jóhannesson frá Svíþjóð, Hazim Shelaldehy yfirlæknir og Haukur Sveinsson.



Með Maurice Jacobsen, bandarískum kvikmyndagerðarmanni á Gaza. Maurice Jacosen er nú að leggja lokahönd á heimildarmyndina Inshallah Insallah, en hún verður sýnd í Bíó Paradís 9. desember nk. Maurice dvaldi um 13 mánaða skeið á Gaza við gerð myndarinnar. Hann er væntanlegur til landsins til að vera við sýningu myndarinnar. Gert er ráð fyrir umræðum um efni hennar að sýningu lokinni. Stefnt er að því að lokahönd verði lögð á gerð myndarinnar hér á Íslandi.



Morgunfundur á Al Mezan: Al Mezan sérgreinasjúkrahúsinu er rekið af hjónunum dr. Hazim Shelaldehy, konu hans Sahar Qawasmi kvensjúkdómalækni og þingmanns Fatah samtakanna og tíu samstarfslækna þeirra, Sahar situr fyrir enda borðsins. Auðvelt er að ganga beint inn á læknafund því að allt fer fram á ensku og sjúkraskýrslur er á ensku.

Vinafundir. Með dr. Sakaria Agha, leiðtoga Fatah og PLO á Gazasvæðinu: Dr Zakaria tók upphaflega á móti mér í maí 1990 og fór með mig um Gazasvæðið.



Á Al Awda, sjúkrahúsi UHWC í Jaballya flóttamannabúðunum.



Augusta Victoria Hospital. Birna Jónsdóttir, röntgenlæknir, í heimsókn hjá yfirlækni geislameðferðar. Augusta Victoria sjúkrahúsið er eina sjúkrahúsið í Palestínu, sem veitt getur geislameðferð við krabameini.



Með Hosni Talal Botch, sem fékk tvo gervifætur í fyrra og allt gengur vel.



Hjá dr. Mustafa Abdul Shafi á Gaza. Hann er einn þekktasti skurðlæknir síðustu aldar í Palestínu.



Hver er hræddur við alvöru rannsókni?

Grein Uri Avnery birtist í júní á þessu ári og síðan þá hefur Ísrael, vegna alþjóð-aprýstings, slakað eilítið á herkvinni, en fyrst og fremst er um kattapvott að ræða, sbr. td. grein Jonathans Cook hér í blaðinu. Eins vann friðarhreyfingin Gush Shalom, sem Avnery fer fyrir, áfangasigur þegar Turkel-nefndin fékk umboð til að yfirheyra þá sem henni þótti tilefni til, en sé ríkisstjórnin ósátt við að liðsmenn hersins verði kallaðir til vitnis, mun hæstiréttur úrskurða hvort af því verði. Krafan um óháða alþjóðlega rannsóknarnefnd stendur enn. Vegna mikilvægra og áleitinna spurninga í greininni var ákveðið að hrófla ekki við henni en láta þessa athugasemd fylgja. -- Ritstjóri

Ef skipuð hefði verið raunveruleg rannsóknarnefnd (í stað nefndaró-myndar), þá eru hér sumar þeirra spurninga sem hún hefði átt að taka á:

1. Hvert er raunverulegt markmið með því að halda Gazaströndinni í herkvinni?

2. Ef markmiðið er að hindra það að vopn streymi inn á svæðið, hvers vegna er þá aðeins 100 vörutegundum hleypt inn (í samanburði má finna meira en 12 þúsund vörutegundir í venjulegum stórmarkaði í Ísrael).

3. Hvers vegna er bannað að flytja inn súkkulaði, leikföng, skriffæri, ýmsar tegundir ávaxta og grænmetis (og hvers vegna er kanill leyfður en ekki kóríander)?

4. Hvaða tengsl eru á milli þeirrar ákvörðunar að banna innflutning á byggingarefni til að endurbyggja eða lagfæra þær þúsundir bygginga sem ýmist var rústað eða skemmdust í „Cast Lead“-aðgerðinni og þeirrar fullyrðingar að Hamas-samtökin gætu notað það til að byggja byrgi – þegar nóg af efni til slíkra nota ratar inn á Gazaströndina um neð-anjarðargöng?

5. Er raunverulegt markmið herkvinnar að gera líf þeirra 1.5 milljóna Palestínnumanna sem búa á Gazaströndinni að helvíti, í þeirri von að þeir steypi Hamas-stjórninni?

6. Þar sem það hefur ekki gerst heldur hefur Hamas þvert á móti styrkst á þeim



fjórðum árum, sem Gaza hefur verið í herkví, hefur þá ríkisstjórnin einhverntíma fengið bakþanka vegna þessa?


7. Var herkvinni komið á í von um að frelsa ísraelska hermanninn Gilad Shalit úr ánauð?

8. Ef svo er, hefur þá herkvíin stuðlað að þessu markmiði, eða hefur hún unnið gegn því?

9. Hvers vegna hafnar ríkisstjórn Ísraels því að skipta á Shalit og hundruðum palestínskra fanga, þegar Hamas fellst á slík skipti?

10. Er það rétt að Bandaríkjastjórn hafi lagt bann við að skipst verði á fongum, á þeim forsendum að það myndi styrkja Hamas?

11. Hefur ríkisstjórn okkar eitthvað rætt það að standa við skuldbindingar sínar



Eftir Uri Avnery

sem kveðið var á um í Oslóarsamkomulaginu – að gera umbætur á höfninni á Gaza-á þann veg að hindra megi vopnaflutninga?

12. Hvers vegna heldur Ísraelsstjórn því endurtekið fram að hafsvæði Gazastrandarinnar sé hluti af hafsvæði Ísraels, og að skip sem sigla inn á það séu að vega að fullveldi Ísraels, þvert á þá staðreynd að Gazaströndin var aldrei innlimuð í Ísrael og að Ísrael lýsti því opinberlega yfir árið 2006 að það hefði „skilið sig frá henni“.

13. Hvers vegna lýsti embætti ríkissaksóknara því yfir að friðaraktivistarnir, sem voru teknir fastir á opnu hafsvæði og höfðu engar áætlanir um að fara til Ísraels, hafi reynt að „komast ólöglega til Ísraels“ og lét færa þá fyrir dómara í því skyni að láta framlengja handtöku þeirra á grundvelli laga sem varða „ólöglega komu til Ísraels“?

14. Hver er ábyrgur fyrir þeirri lögfræðilegu mótsögn að Ísrael segist annars vegar hafa aðskilið sig frá Gazaströndinni, hersetu þar sé lokið – og hins vegar að það ráði yfir hafsvæðinu sem liggur að ströndinni?

Spurningar varðandi þá ákvörðun um að ráðast á skipaflotann:

15. Hvenær komst ísraelska leynipjónustan að því að verið væri að undirbúa skipaflotann (sönnunargögn fyrir þessu eru til á upptöku)?

16. Hvenær var forsætisráðherra, varnarmálaráðherra, ríkisstjórninni, sjömannanefndinni (sem annast öryggismál) og yfirmanni herráðsins gert viðvart? (sjá athugasemd við lið 15)

17. Hvað ætluðust þessir embættismenn og stofnanir fyrir?(sjá athugasemd við lið 15)

18. Hvaða upplýsingar fékk hver og einn þeirra í hendur frá leynipjónustunni? (sjá athugasemd við lið 15)

19. Hvenær var sú ákvörðun tekin að stöðva skipaflotann með valdi, hver tók hana og hvernig?

20. Er það satt að Tzvi Hauser hafi varað við alvarlegum afleiðingum slíkrar aðgerðar og hafi ráðlagt að flotanum yrði leyft að sigla til Gaza?

21. Voru fleiri sem gáfu slík ráð?

22. Tók utanríkisráðuneytið fullan þátt

í öllum umræðunum?

23. Sé svo, varaði þá utanríkisráðu-neytið við áhrifunum sem slík aðgerð gæti haft á samskipti okkar við Tyrkland og önnur lönd?

24. Í ljósi þeirrar staðreyndar að ríkisstjórn Tyrklands tjáði utanríkisráðuneyti Ísraels, áður en árásin átti sér stað, að skipaflotinn væri skipulagður af einkareknum samtökum, heyrði ekki undir ríkisstjórnina og að ekki væri með þessu brotið gegn tyrkneskum lögum – hugleiddi þá utanríkisráðuneytið að setja sig í samband við samtökin til að reyna að ná samkomulagi þannig að koma mætti í veg fyrir ofbeldi?

25. Var hugað í alvöru að þeim möguleika að stöðva flotann innan löglegs hafsvæðis, leita að vopnum og leyfa svo skipunum að sigla áfram?

26. Veltu menn fyrir sér áhrifunum sem aðgerðin hefði á almenningsálit á alþjóðavettvangi?

27. Hugleiddu menn áhrifin sem þetta myndi hafa á samskipti okkar við Bandaríkin?

28. Var það tekið með í reikninginn að aðgerðin gæti jafnvel styrkt Hamas?

29. Var tekið með í reikninginn að aðgerðin gæti gert það erfiðara að viðhalda herkvínni?

Spurningar varðandi skipulagningu aðgerðarinnar:

30. Yfir hvaða leynilegu upplýsingum bjuggu skipuleggjendur aðgerðarinnar? (sjá athugasemd við lið 15)

31. Íhuguðu menn að aktivistahópurinn á skipunum var öðruvísi skipaður en á fyrri skipum, þar sem Tyrkir voru nú með í för?

32. Var tekið með í reikninginn að ólíkt evrópskum friðaraktivistum sem trúá á friðsama andspyrnu, þá geta tyrkneskir aktivistar gripið til beinnar andspyrnu gegn hermönnum sem ráðast á tyrkneskt skip?

33. Íhuguðu menn aðrar leiðir sem hægt hefði verið að fara, til dæmis að láta herbáta hefta siglingu skipaflotans?

34. Sé svo, hvaða aðrar leiðir voru þá íhugaðar, og hvers vegna var þeim hafnað?

35. Hver bar ábyrgð á skipulagningu sjálfrar aðgerðarinnar – yfirmaður herráðsins eða ísraelski flotaforinginn?

36. Ef það var flotaforinginn sem ákvað hvaða aðferð yrði beitt, hlaut hún þá samþykki yfirmanns herráðs, varnarmálaráðherra og forsætisráðherra?

37. Hvernig deildu þeir með sér ábyrgð á skipulagningunni?

38. Hvers vegna var aðgerðin fram-



Einstaka fjölskyldur eru farnar að reisa hús að nýju í Beít Hanoun, þar sem eyðileggingin var hvað mest í janúar 2009. Aðspurðir hvað þeir muni gera ef þetta hús verður líka sprengt í loft upp, þá svöruðu þeir æðrulausir: Þá byrjum við aftur.

kvæmd utan hafsvæðis Ísraels og Gazastrandarinnar?

39. Hvers vegna var hún framkvæmd í myrkri?

40. Andmælti einhver í flotanum þeirri hugmynd að hermenn yrðu sendir úr þylum niður á þilfar skipsins „Mavi Marmara“?

41. Þegar lagt var á ráðin um aðgerðina, nefndi þá einhver líkindin með henni og aðgerð Breta gagnvart skipinu „Exodus 1947“, sem endaði sem pólitískt stórslys fyrir Breta?

Spurningar varðandi aðgerðina sjálfa:

42. Hvers vegna var komið í veg fyrir að skipaflotinn gæti haft samskipti við umheiminn á meðan aðgerðinni stóð, ef menn höfðu ekkert að fela?

43. Mótmælti einhver því að í raun væri verið að leiða hermennina í gildru?

44. Var það tekið með í reikninginn að með þessari áætlun yrði hermönnum í nokkrar mínútur stefnt í verulega hættu?

45. Hvenær nákvæmlega hófu hermennirnir skothríð?

46. Hvaða hermaður var sá fyrsti sem skaut?

47. Var skothríðin í einhverjum tilvikum réttlætanleg?

48. Er rétt að hermennirnir hafi byrjað að skjóta jafnvel áður en þeir héldu niður á þilfarið, eins og farþegar skipsins halda fram?

49. Er það rétt að haldið hafi verið áfram að skjóta jafnvel eftir að skipstjórninn og aktivistarnir voru búnir að lýsa því nokkrum sinnum yfir í hátölurum að skipið gæfist upp og eftir að þeir höfu meira að segja dregið hvíta fána að húni?

50. Er rétt að fimm af þeim níu sem drepnir voru hafi verið skotnir í bakið, sem gefur til kynna að fólkið hafi verið að

reyna að flýja hermennina og hafi þannig ekki getað stefnt lífi þeirra í hættu?

51. Hvers vegna var Ibrahim Bilgen, sem var drepinn, 61 árs, sex barna föður og frambjóðanda til borgarstjóra í heima-bæ sínum, lýst sem hryðjuverkamanni?

52. Hvers vegna var Cetin Topcoglu, sem var drepinn, 54 ára, þjálfara tyrkeska landsliðsins í tækvandó (köreskri bardagalist), sem var ásamt konu sinni um borð, lýst sem hryðjuverkamanni?

53. Hvers vegna var Cevdet Kiligar, 38 ára fréttamanni sem einnig var drepinn, lýst sem hryðjuverkamanni?

54. Hvers vegna var Ali Haydar Bengi, sem var drepinn, fjögurra barna föður, bókmenntafræðingi frá Al-Azhar skólanum í Kaíró lýst sem hryðjuverkamanni?

55. Hvers vegna voru Necdet Yaldirim, 32 ára föður, sem átti eina dóttur, Fahri Yaldiz, 43 ára og fjögurra barna föður, Cengiz Songur, 47 ára og sjö barna föður og Cengiz Akyus, 41 árs og þriggja barna föður lýst sem hryðjuverkamönnum?

56. Er fullyrðing IDF, að aktivistarnir hafi tekið skammbyssu af hermanni og skotið hann með henni, lygi og er sannleikurinn sá að aktivistarnir hafi í raun fleygt skammbýssunni í sjóinn án þess að beita henni?

57. Er það rétt sem Jamal Elshayyal, sem er breskur ríkisborgari, heldur fram, að hermennirnir hafi í 3 tíma hindrað að hlúð yrði að særðum tyrkneskum skipverjum, svo að þrír þeirra dóu á meðan á biðinni stóð?

58. Er það rétt eins og þessi fréttamaður heldur fram, að hann hafi verið handjarnaður með hendur fyrir aftan bak og neyddur til að krjúpa í þrjá tíma í brennandi sólinni, að honum hafi ekki verið



leyft að kasta vatni heldur sagt að „pissa í buxumar“, að honum hafi verið haldið

handjárnuðum í 24 tíma án þess að hann fengi vatn að drekka, að hann hafi verið sviptur breska vegabréfinu sínu og ekki verið afhent það aftur; að hann hafi jafnframt verið sviptur fartölvunni sinni, þremur farsímum og 1500 dölum í reiðufé og að hann hafi ekki fengið neitt af þessu til baka?

59. Einangraði IDF farþegana frá umheiminum í 48 klukkustundir og gerði allar myndavélar, filmur og farsíma í fórum fréttamanna um borð upptæk í því skyni að þagga niður allan fréttaflutning sem ekki samræmdist opinberri frásögn IDF?

60. Eru það hefðbundin vinnubrögð að halda forsætisráðherranum (eða starfandi varamanni hans, Moshe Yaalon) upplýstum þegar aðgerð er framkvæmd? Var þessu framfylgt og var það gert í fyrri tilvikum, svo sem í Entebbe-aðgerðinni eða þegar farið var um borð í skipið „Kar-in A“?

Spurningar varðandi framkomu talsmanns IDF:

61. Er það rétt að talsmaður IDF hafi breitt út uppspuna fyrstu klukkustundirnar eftir aðgerðina til þess að réttlæta hana fyrir bæði Ísraelum og almenningi í öðrum löndum?

62. Eru þær örfáu mínútur af myndefni sem sýndar hafa verið mörg hundruð sinnum í ísraelska sjónvarpinu, allt frá upphafi fram á þennan dag, haglega klipptar til svo að við fáum ekki að sjá hvað gerðist rétt á undan og rétt á eftir?

63. Hvað er hæft í þeirri fullyrðingu að hermennirnir sem aktivistarnir fóru með inn í skipið hafi verið í þann mund að vera vegnir þegar ljósmyndir sýna greinilega að þeir voru umkringdir fjölda aktivista í dágóða stund án þess að þeim væri gert mein, og að þeir fengu meira að segja

læknisaðstoð úr hópi aktivista?

64. Hvaða sannanir eru fyrir því að tyrknesku samtökin IHH, sem eru frjáls félagasamtök, séu tengd al-Kaída?

65. Á hvaða forsendum var því aftur og aftur haldið fram að þetta væru „hryðjuverkasamtök“, þó að ekki væru færðar neinar sannanir fyrir því?

66. Hvers vegna var því haldið fram að samtökin hlýddu kalli Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, þegar þau þvert á móti hafa tengsl við stjórnarandstöðuflokk?

67. Ef samtökin eru í raun hryðjuverkasamtök sem leynipjónusta Ísraels þekk-ir til, hvers vegna var þá ekki tekið tillit til þess þegar aðgerðin var skipulögð?

68. Hvers vegna nefndi þá ríkisstjórn Ísraels ekkert um þetta áður en ráðist var á skipaflotann?

69. Hvers vegna var snúið út úr ummælum eins aktivistans í opinberum áróðri með augljósum óheilindum, eins og að með orðum sínum um að hann langaði að verða „shahid“ væri hann að segja að hann langaði til að „drepa og vera drepinn“ („shahid“ merkir maður sem fórnar lífi sínu til að votta um trú sína á guð, sem svipar til píslarvotta í kristni)?

70. Hvaðan kemur sú lygi að Tyrkirnir hafi kallað „Farið aftur til Auschwitz“?

71. Hvers vegna voru ísraelskir læknar ekki kallaðir samstundis til, til að upplýsa almenning um hvernig sárum ísraelsku hermanna var háttað, eftir að því hafði verið lýst yfir að allavega einn þeirra hefði verið skotinn?

72. Hver spanna þá sögu að það hafi verið vopn á skipinu og að þeim hafi verið fleygt í sjóinn?

73. Hver spanna þá sögu að aktivistarnir hafi haft banvæn vopn meðferðis á skipinu – þegar þeir hlutir sem talsmaður IDF hélt sýningu á voru í engu

frábrugðnir þeim sem má finna á hvaða skipi sem er, þar á meðal kíkir, búnaður til blóðgjafa, hnífar og axir, auk skreyttara arabískra rytinga og eldhúshnífa sem finna mætti á sérhverju skipi, jafnvel skipi sem ber ekki 1000 farþega?

74. Flokkast þessi atriði öll – að því viðbættu að orðið „hryðjuverkamenn“ er sífellt endurtekið og allar upplýsingar sem mæla gegn þeim eru þaggaðar – ekki sem heilapvottur?

Spurningar varðandi rannsóknina:

75. Hvers vegna neitar Ísraelsstjórn að eiga þátt í alþjóðlegri rannsóknarnefnd sem væri skipuð hlutlausum aðilum sem hún gæti fallist á?

76. Hvers vegna segjast forsætisráðherrann og varnarmálaráðherrann vera reiðubúnir að bera vitni – en ekki svara spurningum?

77. Hvaðan kemur sú fullyrðing að það megi ekki kalla hermenn til vitnis – þegar í fyrri rannsóknum mátti kalla fyrir yfirmenn, undirmenn og aðra hermenn og yfirheyra þá?

78. Hvers vegna neitar ríkisstjórnin að skipa rannsóknarnefnd, í samræmi við ísraelsk lög, samþykkt af Knesset árið 1966 nákvæmlega í þessu skyni, sér í lagi í ljósi þess að slíkar nefndir voru skipaðar eftir Yom Kippur stríðið, fjöldamorðin í Sabra og Shatila, eftir að geðsjúkur Ástrali kveikti í Al-Aqsa moskunni, auk nefnda sem hafa rannsakað spillingu í íþróttageiranum og morðið á zionistaleiðtoganum Chaim Arlosoroff (fimmtíu árum eftir að það gerðist!)?

79. Hefur ríkisstjórnin eitthvað að óttast af hálfu slíkrar nefndar, sem forseti hæstaréttar myndi skipa, nefndar með umboð til að kalla vitni til yfirheyrslu, krefjast nauðsynlegra gagna og ákvarða hverjir beri persónulega ábyrgð á mistökum og glæpum?

80. Hvers vegna var að lokum ákveðið að skipa nefndarómynd, sem skortir öll völd og mun skorta allan trúverðugleika í Ísrael og á alþjóðavísu?

Og að lokum kemur spurning spurninganna:

81. Hvað eru framámenn okkar í stjórn-málum og hermálum að reyna að fela?

Uri Avnery er ísraelskur friðaraktivist og rithöfundur. Hann er er jafnframt fyrrum hermaður og blaðamaður og átti sæti á ísraelska þinginu. Hann hefur helgað langt líf sitt friðarbaráttu og er meðal þeirra sem stofnuðu friðarsamtökin Gush Shalom.

Einar Steinn Valgarðsson þýddi.

En ég á orðið einhvern veginn ekkert föðurland

Fyrir þremur árum las ég afar áhuga-verða bók eftir palestínska ljóðskáld-ið og rithöfundinn Mourid Barghouti sem hreyfði við mér og varð tilefni þessara skrifa. Bókin kom fyrst út á arabísku árið 1997 undir heitinu *Ra'yatu Ramallah* og hlaut sama ár hina virtu Naguib Mahfouz-bókmenntaorðu. Ég las bókina í enskri þýðingu egypsku skáldkonunnar Ahdad Soueif (*I Saw Ramallah*, 2002).

Barghouti varð flóttamaður í kjölfar Sex daga stríðsins. Hann var þá í námi í Egyptalandi og fékk ekki að snúa aftur til æskustöðva sinna í Ramallah á Vest-urbakkanum. Það gat hann ekki fyrr en þrjátíu árum síðar.

Barghouti skrifar einstaklega vel og lýsir á áhrifaríkan hátt tilveru Palestín-umanna. Fyrst og fremst beinir hann þó sjónum að stöðu flóttamannsins, minn-ingunum frá því áður en hann varð út-lægur, hvernig er að vera í útlegd og þeim blendu tilfinningum sem skapast við að hafa ekkert öruggt heimili og geta ekki tengst neinum stað endanlegum böndum. Að sama skapi er bókin blönd-uð gleði og trega og Barghouti tekst á næman hátt að lýsa þeim ótalmörgu til-finningum sem bærast í brjósti manns við slík tækifæri.

Bókin er í senn persónuleg og al-menn, ljóðræn og djúp, og þýðingin er rituð á sérlega fallegri ensku. Palestínsk-bandaríski fræðimaðurinn Edward Said (þekktastur fyrir bók sína *Orientalism*) ritar inngang og kemst svo að orði í upp-hafi hans: „Þessi þéttskrifaða og sérlega ljóðræna frásögn af endurkomu úr langri útlegd erlendis, til Ramallah á Vestur-bakkanum sumarið 1996, er ein af vönd-uðustu tilvistarlegu frásögnunum af því hvernig Palestínumenn hafa verið sviptir heimkynnum sínum og eignum, sem við eigum í dag“.

Barghouti veit að ekkert verður ná-kvæmlega eins og það var. Á einum stað í bókinni segir hann „Það er nóg að vera slitinn einu sinni frá rótum sínum til þess að maður sé það alla ævi“ og á öðrum stað: „Það að vera sviptur heimkynnum sínum og eignum má líkja við dauðann.

Maður heldur alltaf að aðeins aðrir verði fyrir honum“. Varð mér við að lesa þetta hugsað til ljóðlína Stephans G. Step-hanssonar, og þaðan sæki ég titil þess-arar greinar.

Þrjátíu ár hafa skilið Barghouti og föð-urlandið að. Þó telur hann fremur glæp hernámsins felast í því að hefta þróun palestínsks samfélags af sjálfsdáðum, að halda því föstu í viðjum fortíðar.

Eins og gefur að skilja er líka dágóð pólitík í bókinni, en ekkert umfram það sem eðlilegt má teljast og hún er ekki óhlutbundin eða bundin stjórnmála-stefnum, heldur sprottin af þeim raun-veruleika sem Palestínumenn búa við. Bókin er skrifuð af miklu innsæi, í raun mun betur en flestir stjórnmálaskýrend-ur myndu gera. Oft varpar Barghouti líka fremur fram spurningum og skoðar hlut-ina heldur en að bjóða einhverjar töfra-lausnir. „Lífið verður ekki einfaldað“ segir hann oftar en einu sinni í bókinni. Meðal þess sem hann bendir á í bókinni er að þrátt fyrir hörmungarnar sem palestínska þjóðin hefur þolað megí þær ekki skila sér eingöngu í harmrænum bókmennt-um og ljóðum, Palestínumenn þurfi líka gleði og gamanefni, og bókmenntirnar megí ekki vera of fullar af beinni pólitík.

„Palestínumaðurinn á líka sína gleði. Hann á ánægju sína samhliða sorgum sínum. Hann býr yfir hinum ótrúlegu mótsögnum lífsins, því að hann er lifandi vera, áður en hann er sonur átta-frétt-anna“.

Ég leyfi mér svo að birta lengri tilvitn-un í hann, sökum þess hversu góð mér þykir hún:

„Hvernig söng ég fyrir heimalandið mitt þegar ég þekkti það ekki sjálfur? Ætti að hrósa mér eða álasa fyrir söngvana mína? Laug ég smá? Heilmikið? Laug ég að sjálfum mér? Að öðrum?

Hvers konar ást er það sem þekkir ekki það elskaða? Og hvers vegna gátum við ekki haldið í sönginn?

Vegna þess að að ryk staðreyndanna er öflugra en tálsýn lofsöngsins? Eða vegna þess að goðsögnin þurfti að stíga

niður úr skjáborgunum sínum til þessa raunverulega húsaskots?

Ísrael tókst að slífta burt helga þáttinn í málstað Palestínumanna, og breyta honum í það sem hann er núna – röð af „ferlum“ og „dagskráum“, og vanalega er það aðeins veikari aðilinn í átökunum sem virðir þau.

En hvað á útlaginn eftir annað en þess konar fjarveruást? Hvað er eftir annað en að halda fast í sönginn, hversu fárán-legt og dýrkeypt sem það kann að vera? Og hvað með heilu kynslóðirnar sem eru fæddar í útlegd, og þekkja ekki einu sinni það litla sem mín kynslóð þekkir til Pa-lestínu?

Þessu er lokið. Hernámið langa sem skapaði ísraelskar kynslóðir sem fædd-ust í Ísrael og þekkja ekki annað „heima-land“ skapaði á sama tíma kynslóðir Pa-lestínumanna sem eru ókunnugir Palest-ínu; sem fæddust út í útlegd og þekkja ekkert til heimalands síns annað en sög-ur og fréttir. Kynslóðir sem gjörþekkja göturnar í fjarlægri útlegd sinni en ekki þær sem eru í þeirra eigin landi.

Kynslóðir sem sáu aldrei ömmur sín-ar krjúpandi við ofnana til að færa okkur brauðhleyf til að dýfa í ólífuolíu, sem sáu aldrei þorpspredikarann með höfuðklút-inn sinn og Azhari-guðhræðsluna sína fela sig í helli til að njósna um stúlkurnar og konurnar í þorpinu, þegar þær fóru úr fötunum og böðuðu sig, naktar, í ‚Ein al-Deir-tjörninni. Já, predikarinn stelur fötunum og felur þau í brómberjarunn-anum svo hann geti starað lengi og ákaft á freistandi fegurð kvennanna. Aldrei á ævinni mun hann líta aðra eins freist-ingu: hvorki í næturklúbbunum í Evrópu né í suddalegum samkvæmum afasonar síns við Lumumba-háskólann og ýmsum höfuðborgum á Vesturlöndum, né í kyn-lífsbúðum í Pillage og St. Denis, né einu sinni í sundlaugunum í Ras Beirut og Sidi Busa’id.

Hernámið hefur skapað kynslóðir sem eiga sér ekki stað með litum, lykt og hljóðum sem þær geta minnst, griðastað sem tilheyrir þeim, sem þær geta snúið sér til, þar sem þær kúldrast saman í út-legð. Það er ekkert bernskurúm sem þær geta minnst, rúm þar sem þær gleymdu mjúkri bómullarbrúðu, eða þar sem hvítir koddar rúmsins urðu að vopnum í bar-daga sem fékk þær til að skríkja af kát-ínu. Svona er þetta. Hernámið hefur skapað kynslóðir okkar sem þurfum að dá óþekktá ást, fjarlægga og erfiða, um-kringda vörðum, múrum, kjarnorkuflaug-um og hreinni ógn.

Hernáminu langa hefur tekist að breyta

okkur úr börnum Palestínu í börn hug-myndarinnar um Palestínu. Ég fór ekki að trúa á sjálfan mig sem ljóðskáld fyrr en ég uppgötvaði hversu óglöggT allt hið óhlutbundna og algjöra er. Þegar ég upp-götvaði nákvæmnina í haldbæru smaat-riði og sannleiksgildi skilningavitanna fimm, þá sérstaklega sjónarinnar. Þegar ég uppgötvaði réttlæti og snilld mynda-vélarinnar, sem varpar fram myndefni sínu með ótrúlegu hvísli, hversu há-vaðasamt sem myndefnið var í raun og veru. Þegar ég gerði það sem nauðs-ynlegt var til að losa mig við ljóðið sem var of skylt lofsöngnum, til að losa mig við allt það slæma sem fylgir upphafinu.“

Hana langar að fara til plánetu fjarri jörðinni

Þar sem stígarnir eru fullir af fólki sem hleypur til herbergjanna sinna

Og þar sem rúmin á morgnanna eru óreiða

Og koddarnir vakna krumpaðir,

Bómullarfyllingin þeirra lekur út í miðjunni

Hún vill þvottasnúrunar fullar og mikið, mikið af hrísgrjónum að elda í matinn

Og stóran, stóran ketil sjóðandi yfir eldinum í síðdeginu

Og að borðið sé handa öllum um kvöldið, á meðan sesamfræ spjallsins drjúpa af borðdúknum.

Hún vill að lyktin af hvítlauknum kalli þá fjarlæggu saman

og er undrandi yfir því að kássa móðurinnar sé aumari en máttur ríkisstjórna og að

sætabrauðið hennar á kvöldin

Þorni á áklæði án þess að nokkur hönd hafi snert við því

Getur jörðin innihaldið

Grimmdina í því að móðir lagi kaffið sitt ein

*að morgni Díaspórunnar?*¹⁾

Hana langar að fara til plánetu fjarri jörðinni

Þar sem allar áttir vísa til hafnar brjóstins

flóa tveggja arma

sem taka á móti og þekkja engar kveðjustundir

Hún vill að flugvélar snúi einungis til baka

Flugvélar séu fyrir þá sem snúa heim

Að flugvélnar lendi og fari aldrei aftur burt.

Yfirlit um starfsemina

Framhald af bls. 23

Mariusjóður til stuðnings kvennaathvarfi

Í október sl. var stofnaður Mariusjóður Aisha í Gaza, kenndur við Maríu M. Magnúsdóttur hjúkrunarfræðing. María starfaði í hálfa öld í Lundúnum og upp-lífdi loftárásir heimsstyrjaldarinnar síðari á þá borg. María sem býr nú á Blönduósi hefur um árabíl verið öflugasti stuðnings-maður Neyðarsöfnunar félagsins.Sveinn Rúnar Hauksson afhenti fyrsta framlag-ið, 5000 bandaríkjadali. Aisha er félag til

Þessi bók er ein þeirra sem maður gæti vitnað lengi og víða í. Ég var ekki síður hrifinn af mörgum ljóða Barghoutis, sem birtast hér og þar í bókinni. Ég enda þessa umföllun með ljóði sem Barghouti tileinkar móður sinni. Hann lýsir henni sem umhyggjusamri, fórnfúsrí og met-naðarfullri konu sem vilji allt hið besta fyrir fjölskylduna og sé alltaf með stórar áætlanir á þrjónunum. Vegna þess að hún ein er skráð sem íbúi á hernumdu svæðunum, börn hennar eru dreifð hér og þar og Ísrael takmarkar ferðafrelsi, hittist fjölskyldan kannski á 5-10 ára fresti, og það er alltaf óróleiki í loftinu, vit-neskjan um að endurfundirnir verði stuttir

en aðskilnaðurinn langur.

Ég mæli svo óhikað með þessari bók. Áhugasamir gætu þurft að panta hana í gegnum internetið. Sjálfur kom ég fyrst auga á hana á flugvellinum í Kaupmann-ahöfn fyrir nokkrum árum og keypti mér hana í kjölfarið. Ég sé ekki eftir því.

Einar Stein Valgarðsson

1 Orðið díaspóra er grískt og vísar upp-haflega til þess í Biblíunni þegar gyðing-ar dreifðust um lönd utan Palestínu eftir ánaudöina í Babýlon. Í þessu samhengi vísar það til þess hvernig Palestínumenn hafa jafnframt dreifst og orðið landflótta í kjölfar stríða og hernáms.



María Magnúsdóttir. Mariusjóðurinn í Aisha á Gaza, er kenndur við hana

verndar konum og börnum á Gaza sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi, misnotkun eða heimilisofbeldi og hefur verið starfræktur af Geðhjálparsamtök-um á Gaza, GCMHP, en mun frá næstu áramótum starfa sjálfstætt. Stefnt er að því að safna áskriftum í Mariusjóðinn að upphæð \$5000 mánaðarlega í þrjú ár og mun það framlag duga til að starfsrækja nýja deild í Aisha sem sér um þjóðfé-lagslegar rannsóknir á kynferðislegu of-beldi og heimilisofbeldi. Fyrir er í húsinu starfsemi einsog Stígamóta og Kvenna-ráðgjafar, ásamt starfsendurhæfingu og líkamsrækt.

Katrín Mixa og Sveinn Rúnar Hauksson tóku saman

Hversu lengi . . .?

Það er skýrt að myndi sýna að ráðamenn utanaðkomandi þjóðar ráði gjörsamlega öllu í öðru þjóðfélagi, hvort sem það er daglegt líf borgaranna eða efnahagurinn, en þetta er raunveruleikinn sem Palestínumenn þurfa að sæta af hálfu Ísraels. Landamæri Ísraels eru regulega lokað meira en 125.000 palestínskum verkamönnum, flestum frá Gaza, en margir reiða sig á hvaða störf sem þeir geta fengið þar til að tryggja afkomu sína. Byggðir Palestínumanna eru her-setnar, landtökubýggðum fjölga og þær sem fyrir eru – jafnt í trássi við alþjóðalög sem hernámið yfirleitt – stækka á meðan flestir ráðamenn erlendis kinka kolli, gefa út hástemmdar yfirlýsingar eða

gefa samþykki sitt með þögn sinni eða aðgerðaleyzi.

Byggðir Palestínumanna á Vesturbakkanum eru girtar af og einangraðar með girðingum og múr á meðan Ísraelar sölsa æ meira land undir sig og sérstakir vegir eru hannaðir þar fyrir gyðinga og eru aðeins ætlaðir þeim. Landtökumenn njóta svo öruggar verndar hersins. Vilji palestínskir þorpsbúar og bændur rækta akrana sína geta þeir átt á hættu að vera skotnir. Akrar fá að standa auðir og afurðir rotna.

Ráðamenn Ísraels tala opinskátt um þjóðernishreinsanir gagnvart nágrönnum sínum, þó stundum sé reynt að nota „penara“ orðalag.

Maður er nefndur Joe Sacco

Framhald af bls. 22

hringrás atburða, sem, ásamt tímanum sem er liðinn, veldur því að minni fólks er ekki óskeikult, atburðir renna saman og óskýrast. Sacco segir sjálfur að Palestínumenn virðist aldrei geta notið þeirra forréttinda að melta einar hörmungar áður en þær næstu dynji á þeim. „Þegar ég var á Gaza, var yngri fólk oft forvið yfir rannsókn minni á atburðinum 1956. Hvað myndi það gera þeim gott að kafa í söguna þegar þeir sættu árásum og það var verið að rústa húsunum þeirra núna? En það er ekki svo auðvelt að ætla að aðskilja fortíð og nútíð; þær eru hluti af vægðarlausri hringrás, sögulegri móðu. Kannski er þess virði að frysta þessa stöðugu framrás og skoða einn eða tvo atburði sem voru ekki einungis hörmung fyrir fólk heldur þá heldur gætu líka verið lærdómsríkir fyrir þá sem vilja skilja hvers vegna og hvernig – eins og El-Rantisi* sagði- hatrí var sáð í hjörtu.“

Hvað minnið varðar þá segir það sína sögu, eitt áhrifamesta en jafnframt lágstemmdasta atriðið í bókinni. Einn sjónarvotta segir frá en á erfitt með að halda áfram. Hann brestur í grát. Sacco segir að þetta sé í lagi, hann þurfi ekki að halda áfram. Barnabarn hans biður hann að vera sterkan, að reyna að tala frá huganum, án þess að láta ástríður stjórna frásögninni. Hann spyr afa sinn loks hvað sé það versta sem hann muni frá þessum degi og afinn svarar einfaldlega „Ötti. Ötti.“

Enn hefur lítið verið minnst á teikningarnar, en ég vona að myndirnar sem birtast hér með greininni gefi einhvern nasapef af því hversu góður teiknari Sacco er, jafnframt því að vera afbragðs sögumaður. Palestínsk-bandaríski fræðimaðurinn Edward Said kallaði Palestine „...einstaklega frumlegt stjórnmála- og listaverk“ og bætti við: „Að tveimur eða þremur skáldsagnahöfundum og ljóðskáldum undanskildum hefur enginn fjallað betur um þetta hörmulega ástand en Joe Sacco.“

Sacco tileinkaði nýjasta verk sitt fólkinu á Gaza.

Endilega verðið ykkur út um bók eftir Sacco, hvort sem það er úr bókabúð (ætti alltént að fást í myndasöguversluninni Nexus) eða bókasafni. Bækur hans eru sannarlega þess virði að kynna sér.

Einar Steinn Valgarðsson

*Abd El-Azis El-Rantisi var meðstofnandi Hamas. Hann var myrtur af Ísraelsher árið 2004. Rantisi var 9 ára þegar árásin var gerð í Khan Yunis og frændi hans var drepinn þennan dag. Í viðtali við Sacco og fréttamanninn Chris Hedges árið 2001 sagði hann „Ég man ennþá harmakvein og tár föður míns og bróður. Ég gat ekki sofð í marga mánuði eftir þetta... það skildi eftir sig sár í hjarta mínu sem getur aldrei gróið. Ég er að segja ykkur þessa sögu og ég er næstum farinn að gráta. Það er aldrei hægt að gleyma þess konar aðgerð. Þeir sáu hatrí í hjörtu okkar.“

Ferðir Palestínumanna eru gjörsamlega háðir duttlungum hernámsliðsins. Eftirlitsstöðvar eru á víð og dreif með hermönnum, gráum fyrir járnum, vegum er rústað, olíufutrè, lífæð þorra fólksins, eru rifin upp með rótum. Útgöngubanni er skellt á fólk svo dögum getur skipt. Húsum er rústað, flóknir lagakrókar gera Palestínumönnum afar illkvæmt að reisa hús og auk þess eru „öryggisástæður“ haldgott skálkaskjól.

Íbúum á Gaza, afgirtu, umluktum og hernumdu svæði, er refsað fyrir að „kjósa vitlaust“, og settir í herkví. Þeir hafa sætt land- og loftárásir með hléum. Innviðir Gaza eru í rúst og var ástandið þó hörmulegt fyrir, áður en Ísraelar hófu árásir sínar í desember 2008 þar sem meira en 1400 Palestínumenn voru drepnir. Atvinnuleysi á Gaza mældist um 40% í fyrra og samkvæmt rannsókn frá því í ár lífa 61% Gazabúa undir fátæktarmörkum skv. skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna.

Þjarmað hefur verið æ meira að íbúum Gaza, en atburðir fyrr á árinu, árás-



Eftir Einar Stein Valgarðsson

in á skipaflotann sem flutti hjálpargögn til svæðisins og morð á níu manns, og þrýstingur sem Ísrael sætti í kjölfarið hefur orðið til þess að Ísrael fór í kattapvott en hefur engu breytt um stefnu sína í raun. Í stjórn Sharons hafði landtökumönnum verið vísað burt en fengu riflegar bætur frá ríkinu, á meðan Palestínumenn fá engar bætur fyrir missi sinn af hálfu hernámsliðsins. Landsvæðið var þó eftir sem áður í hers höndum og er enn í dag.

Á meðan efnahagur Ísraels græddi á landtökubýggðunum kostaði það samt sitt að halda landtökubýggðunum uppi með hvernd og löndin á Vesturbakkanum voru verðmætari, ekki síst í tilliti til vatnsauðlinda.

Ísraelskir arabar njóta ekki fullra borgaralegra réttinda, heldur hafa þá sérstöðu að vera „varanlegir dveljendur“ (e. „permanent residents“). Það þýðir að þeir njóta ekki fullra réttinda á við gyðinga þó þeir geti til að mynda kosið til ísraelska þingsins. Ísrael á líka með þessu móti hægara með að svipta þá réttindum sínum, kjósi það að gera svo.

Þá eru ónefndur meirihluti Palestínum-

anna sem er flóttamenn, flestir frá stríðinu 1948.

Þessir flóttamenn fá ekki viðurkenndan rétt sinn til að snúa aftur til ættjarðar sinnar. Margir þeirra þreyja þorrann í ömurð í flóttamannabúðum og eru upp á ölmusu alþjóðasamfélagsins komnir.

Ísrael ríkir í krafti herafla síns, varið af múrum, vörðum, herflugugvélum og orustupýrlum, eldflaugum, skriðdrekum, herskipum kjarnavopnum,- og þannig mætti áfram telja. Það ríkir með ógn og valdbeitingu.

Nýlega var til dæmis kynnt kerfi sem Ísraelsher státar sig af þar sem hægt er að skjóta Palestínumenn við landamærin á Gaza með hriðskotabyssum sem stýrt er með fjarskiptabúnaði, svo minnt gæti á tölvuleik, nema að fórnarlömbin eru af holdi og blóði. Stúlkur í hernum njóta þess heiðurs að fá að manna fjarstýringarnar.

Palestínumenn eiga í andspyrnu við hernámslið sem hefur alla tilveru þeirra í hendi sér og vopnin sem þeir sjálfir hafa eru á borð við eldflaugar, riffa og sprengjubelti.

Árásir sem bitna á óbreyttum borgurum eru alltaf stríðsglæpur, og á þetta jafnt við eldflaugaárásir og land- og loftárásir, sem og sjálfsmorðsárásir. 1400 manns sem féllu í árásarhrinu Ísraela á Gaza versus 13 Ísraelar segir þó sína sögu

Ísraelsríki heldur í sífellu áfram að virða alþjóðalög að vettugi. Stefnan hjá ráðamönnum þess virðist vera að gera Ísrael og Palestínu sem mest að gyðingaríki til að hindra það að Palestínumenn geti fengið að stofna sjálfstætt ríki, sem þó væri aðeins um 22% af upprunalegri Palestínu. Þannig er bundið um hnútana að aðeins yrðu eftir svæði sem mætti líkja við svissneskan ost, tvi-struð og afgirt. Eins hafa þeir ekki viljað samþykkja hugmyndina um eitt lýðræðislegt ríki þar sem allir íbúar væru jafn rétt háir. Það virðist skipta ráðamennina litlu hvaða álit það skapar þeim með almenningum um allan heim. Andstaðan við Ísrael eykst, sniðgönguátök spretta upp æ víðar og skildi ekki mann undra, að fólk sem lætur sig mannréttindi einhverju varða skuli andæfa framferði Ísraelsríkis. Á hinn bóginn gefur þetta rasistabylgjunni sem eykst í Evrópu og Bandaríkjunum byr undir báða vængi, og hætta er á að and-zíonismi og and-semítismi lendi undir sama hatt. Hvað arabalönd varðar þá er þetta sem opið sár fyrir almenning og ráðamenn geta einnig nýtt sér þetta til fylgis við sig, hvort sem hugur fylgir þá

máli eður ei.

Slæm samviska vegna helfararinnar ræður að sjálfsgöðu miklu um stuðning Vesturveldanna við Ísrael. Allt of margir voru annað hvort beinir stuðningsmenn eða kusu að horfa fram hjá þessum hroðalegasta glæp 20. aldarinnar. Morð á 6 milljónum gyðinga er það stjarnfræðileg tala að heilinn nær ekki utan um hana. Og það má nefna það að þó að sagan geti virst fjarlæg - við sjáum rústir sem virka fornlegar og svarthvítt myndefni - er ekki lengar síðan að þetta var en svo að amma mín var við nám í Berlín á stríðsárunum og var á 21. aldursári þegar stríðið hófst, en hafði til allrar mildi komst hún heim til Íslands nokkrum mánuðum áður það braust út.

Hún man það til að mynda vel þegar hún frétti að strákurinn á efri hæðinni þar sem hún leigði hefði verið „sóttur“, hún gekk framhjá Kaiser Wilhelms Gedächtniskirche í Berlín, sem nú er rústir einar, þegar kirkjan var heil. Hún sá Hitler og Mussolini aka framhjá þegar hún var á leið í skóla – og það í lit. Amma mín verður 92 ára núna í desember.

Aftur á móti hefur helförin því miður oft verið notuð til þess að réttlæta þau voðaverk sem eiga sér stað í dag og þess má geta að minningu annara fórnarlamba helfararinnar en gyðingum hefur verið úthýst úr Helfarararminnismerkinu í Berlín og víðar. Þrýstihópar á borð við AIPAC eiga sinn þátt í þessu. Ekki má svo gleyma því að ýmsir kristnir hópar telja það heilaga skyldu sína að styðja Ísrael skilyrðislaust, bæði sem fyrirheitna landið og þar sem þeir telja að þetta muni greiða fyrir efsta degi. Maður hlýtur að spyrja sig hvort það hafi verið þetta sem fólkíð hafði í huga sem sagði „aldrei aftur“.

Ísrael nýtur nánast skilyrðislauss stuðnings öflugasta ríkis heims, Bandaríkjana, en þegar önnur ríki eflast er ekki víst að ægivald Bandaríkjanna verði sífellt til staðar til að redda Ísrael, og í ljósi áðurnefnds almenningssálts virðist sá stuðningur tvíeggja sverð.

Ísrael fær efnahagslega, hernaðarlega og stjórnmálalegan stuðning frá Bandaríkjunum. Á meðan efnahagsaðstoð fer vanalega til þróunarlanda fær Ísrael,

sem er efnaðara en mörg ríkjanna í Evrópusambandinu, meiri efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum en nokkurt annað ríki í heiminum. Það er um 1.8 milljarðar í hernaðaraðstoð, 1.2 milljarðar í efnahagsaðstoð og annar milljarður í margvíslega styrki, oftast hergögn frá hinum ýmsu bandarísku stofnunum.

Ísrael er jafnframt eina ríkið sem fær að verja hluta af hernaðarstyrkjum sínum í eigin vopnaframleiðslu. Bandaríkin styðja svo stefnu Ísrael um að neita hvorki né gangast við kjarnorkustyrk sínum þó hann sé vel þekktur og skjalfestur.

Í veru sinni í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafa Bandaríkin oftast beitt neitunarvaldi sínu til að verja Ísrael fyrir því að þurfa að láta Palestínumenn njóta grundvallarréttinda.

Það er nefnilega kjarni málsins. Barátta Palestínumanna er í grunninn ekki barátta um óhlutbundin hugtök, fána, sögu, þjóðsöngva eða pólitíska frasa. Hún er barátta fyrir réttinum til mannsæmandi lífs. Þetta er í raun krafa beggja þjóða. Það er ekki mannsæmandi líf að eiga skæru- og hryðjuverkaárásir á hættu og það er ekki mannsæmandi líf að lífa við hernám, hernaðarárásir, útleög og skert réttindi eins og lýst hefur verið hér að ofan. Svo lengi sem hernámið er við lýði mun í raun hvorug þjóðin fá frið.

„How long must we sing this song?“ spurðu U2 í laginu *Sunday Bloody Sunday*. Í ljósi þess þykir mér viðeigandi að ljúka þessum pistli með sömu orðum og ég gerði í ritstjórapistli mínum í fyrra, enda sýnist mér krafan jafn knýjandi nú og áður:

Niður með hernámið. Niður með herkvína. Niður með múrana, andlega og veraldlega.

Megi friður og réttlæti ná að ríkja.

Shalom, salaam.*

* Þessi kveðja er sameiginleg aróbum og gyðingum og heilsa þeir og kveðja á þennan veg. Orðið sjálft getur í senn merkt friður, heilindi, öryggi og friður. Arabar gætu þá sagt „salaam aleikum“ og gyðingar „shalom alekheim“ sem mætti útleggjast sem „megi friður og velferð fylgja þér“

Heimasíða félagsins er

<http://www.palestina.is>

Tilvistarréttur og vopnuð barátt

Þegar zíonistar og aðrir stuðningsmenn Ísraelsstjórnar fjalla um málefni Palestínu og Ísraels, nota þeir oftast sitt-hvorn mælikvarðann á Palestínumenn og Ísraela, gera fórnarlömb að glæpamönnum, rugla saman þjóðum og stjórn mála-stefnum og afflytja málstað andstæðing-anna. Með þessum og öðrum mælsku-brögðum hafa þeir endaskipti á réttlæti og ranglæti og leiða umræðuna afvega. Sumir eru velmeinandi og hafa sjálfir verið blekkir, aðrir hafa hagsmuni eða vafa-samar hugsjónir að verja. Tilgangurinn er að blekkja vestrænan almenning, og hefur það víðast hvar gengið vel hjá þeim, en það asnalega við málflutning zíonista er að oft hittir hann þá sjálfa fyrir. Við skulum taka dæmi.

Vinir Palestínumanna eru stundum sakaðir um að vera í raun gyðingahatarar sem noti Palestínudeiluna bara til að koma höggi á gyðinga sem slíka. Það er misjafn sauður í mörgu fé, þannig að það eru varla neinar fréttir að til sé fólk sem hati Ísrael vegna þess að þar séu gyðingar, eða að einhverjir rugli saman gyðingum og zíonistum í hita leiksins, eins og ísraelsk stjórnvöld og stuðningsmenn þeirra gera reyndar iðulega. Það er hægt að skrumskæla jafnvel hinn besta málstað. En þetta er ekki fólkíð sem ein-kennir málstað Palestínumanna. Tilfellið er að zíonismi er kynþáttastefna, sem snýst um gyðinga og felur í sér misrétti gegn öðrum, einkum Palestínumönnum. Um það hafa meira að segja Sam-einuðu þjóðirnar ályktað. Ef menn halda að gyðingar séu pólitísk og lífræn heild og að eitthvert eitt ríki geti verið „fulltrúi“ þeirra, þá er kannski ekki von að menn þekki muninn á gyðingi og zíonista. Þegar zíonisti sakar stuðningsmenn Palestínu um gyðingahatur, er hann þá ekki í raun að segja að gyðingar sem slíkir séu ábyrgir fyrir glæpum ríkisstjórnar Ísraels? Sá sem trúir því er kominn á hála braut – en þarna er kannski komin skýringin á afneitun zíonista á glæpum Ísraelsríkis.

Zíonistar stagast oft á því að hinir og þessir – til dæmis Hamas-samtökin eða forseti Írans – viðurkenni ekki „tilverurétt“ Ísraelsríkis. Það má oft lesa milli línanna

að þessir þrjátar ætli að fullnusta and-styggð sína með því að láta eldflaugum rigna yfir Ísrael (svipað og Ísraelar gera stundum sjálfir við Palestínumenn og fleiri nágranna sína). En hver er sannleikurinn á bak við klisjuna? Þrjáturinn Ahmadinejad Íransforseti vitnaði í Khomeini erki-klerk þegar hann kallaði eftir því í ræðunni „Veröld án zíonisma“ árið 2005, að „ríkið sem hersæti Jerúsalem“ yrði „strokað út af síðu tímans“. Hann var að tala um að afnema hinn ríkjandi zíonisma. Hann lét það auk þess fylgja að í staðinn ætti að koma lýðræðisleg stjórn, og að flóttamönnum skyldi hleypt heim aftur. Hvernig komust menn að þeirri niðurstöðu að hann hafi verið að blása til nýrrar helfarar? Jú, með því dreifa útúrsnúningum í fjölmiðla. Hamas hafa ekki farið varhluta af vandlætingu heldur, þar sem þau viðurkenna Ísrael ekki formlega. En viti menn, þau viðurkenna Ísrael í reynd. Oslóar-samningar PLO og Ísraels eru forsenda Palestínsku heimastjórnarinnar, og það þarf að viðurkenna samningana, og þar með aðilana sem gerðu þá, áður en menn bjóða fram í kosningum heimastjórnarinnar. Já, og hvað svo með zíonista sjálfa, viðurkenna þeir kannski „tilverurétt“ Palestínuríkis? Og viðurkenna þeir „tilverurétt“ Íslands? Eða Mongólíu?

Þjóðréttarlega séð, er svarið við þessu neitandi. Í þjóðarétti er ekkert ríki skuldbundið til þess að viðurkenna „tilverurétt“ neins annars ríkis, enda er hugtakið „tilveruréttur“ ekki til í þjóðarétti. Fólk hefur réttindi, en ríki er ekki fólk heldur pólitísk stofnun og hefur ekki réttindi í sjálfu sér. Réttur ríkis til þess að vera til er með öðrum orðum háður því hvort íbúarnir vilja að það sé til eða ekki. Önnur ríki eru hins vegar skuldbundin til að virða fullveldi og sjálfstæði ríkja, og ríki mega ekki brjóta gegn pólitísku sjálfstæði eða landfræðilegri heild annarra ríkja. Þetta er satt að segja álitamál í tilfelli Ísraels. Ríkið tilheyrir, samkvæmt sinni eigin sjálfstæðisfyrirlýsingu, gyðingum heimsins, en ekki íbúunum sem slíkum. Þess vegna er pólitískt sjálfstæði Ísraels lagalegt álitamál. Landfræðileg heild þess er auk þess óskilgreind, vegna þess að Ísrael hefur aldrei fengist til að

lýsa því yfir hvar það vill hafa landamæri sín. Það vill það ekki, vegna þess að skilgreind landamæri hindra frekari landvinninga. Spurningin sem stendur eftir er þá þessi: Er verið að ætlast til þess að menn viðurkenni ríki sem er ólýðræðislegt og byggist á ofbeldisfullri útpenslustefnu?

Krafa um þjóðréttarlega „viðurkenningu á tilverurétti“ er áróðursbragð, en hvað með einfalda viðurkenningu? Það er ekki sjálfgefið að ríki viðurkenni hvert annað, og það má minnast þess að Egyptaland og Jórdanía einu arabalöndin sem viðurkenna Ísrael stjórn málalega. Munum að Ísrael er sköpunarverk þjóðemisstefnu og nýlendustefnu. Það varð til í beinni andstöðu við sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem bjuggu fyrir í landinu. Það skiptir ekki máli hvar gyðingar bjuggu á tímum Rómarveldis, eða hvað þjóðsögur þeirra segja að guð hafi lofað í grárri forneskju. Zíonistar komu undir verndarvæng breska heimsveldisins, tóku sér land, stofnuðu sitt eigið ríki og hafa notað það til að kúga nágranna sína. Að viðurkenna Ísrael er að samþykkja hvernig til þess var stofnað og hvað það hefur gert. Á fólk sem hefur verið landflótta frá 1948 að „viðurkenna“ ofbeldið og yfirganginn sem það flúði undan? Nei, þvert á móti hefur það rétt til þess að berjast fyrir leiðréttingu ranglætisins.

Ég dæsi þegar ofbeldi Palestínumanna gegn Ísraelum er fordæmt einhliða eða vopnuð andspyrna þeirra borin saman við ofbeldi hernámsins. Öllum hernumdum þjóðum er áskilinn réttur til þess í alþjóðalögum, að berjast gegn hernáminu, og það hefur ekki þurft neina sérstaka rötækni til þess hingað til, að dást að hetjudáðum andspyrnu í Síðari heimsstyrjöld, t.d. í Noregi, Frakklandi, Varsjá eða Júgóslavíu. Zíonistar spyrja stundum hvort gyðingar séu eina þjóðin sem megir ekki eiga sitt eigið ríki. Það má spyrja á móti: Eru Palestínumenn eina þjóðin sem má ekki verjast hernámi? Er það ofbeldi, að verjast hernámsliði? Er yfir höfuð hægt að líkja því saman við það ofbeldi sem hernámið er? Zíonistar láta gjarnan eins og mannfall óbreyttra borgara sé óheppileg hliðarverkun af réttlátum hefndarárásum. Þetta rugl hittir þá sjálfa fyrir: Ef líf sak-

lauss fólks eru á annað borð réttlætalegur fórnarkostnaður í refsihernaði, þá hlýtur það að gilda á báða bóga. Þessi þversagnakenndi málflutningur er útkom-an úr því þegar hernámsveldi reynir að líta út fyrir að hafa ekki bara hernaðarlega yfirburði, heldur líka siðferðislega, þótt ofbeldi þess sjálfs yfirskyggi allt annað ofbeldi, og það hundraðfalt.

Sá sem fer fram með ofríki getur ekki krafist þess að vera látinn í friði sjálfur, enda er réttlæti forsenda fyrir friði, eða friður ávöxtur réttlætisins eins og Jesaja spámaður orðaði það. Menn benda oft á Martin Luther King eða Gandhi sem fordæmi, að þetta sé leiðin – jafnvel „eina“ leiðin – til að ná fram réttlátum markmiðum. Því miður er það vitleysa. Ráðandi öflum í Bandaríkjunum fannst bara skárri að gera málamiðlanir við sjónarmið Kings, heldur en að eiga á hættu harðari baráttu við róttækari öfl. Og í tilfelli Gandhis var breska heimsveldið að niðurlotum komið eftir stríðið í Evrópu, og vildi frekar semja við hófsamari öfl en að eiga við róttækari og herskárri öfl. Friðsöm og hófsöm bar-

átta sigrar nefnilega því miður oftast ekki nema þegar hún er háð í samhengi við herskárri og róttækari baráttu. Ofbeldi er hluti af öllum stjórnmálum, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Að því sögðu er auðvitað augljóst að pólitískt ofbeldi er vægast sagt vandmeðfarið, og réttur til vopnaðrar andspyrnu þýðir ekki sjálfkrafa að hún sé viturleg. Það er sjálfsagt – nei, það er skylda okkar, sem styðjum málstað og tilkall Palestínumanna til réttlætis – að gagnrýna alla þá sem fremja heimskupör eða illvirki í þeirra nafni, og spilla fyrir málstaðnum. Stuðningurinn á að vera skilyrðislaus við þá kröfu að Palestínumenn, eins og allt annað fólk, njóti fullra mannréttinda. Strat-egíska spurningin er þá hvernig sé hægt að ná því markmiði. Þjóðríkið sem módel hefur víða orðið dýrkeypt þar sem margar þjóðir og þjóðabrot hafa búið hver innan um önnur. Ef stefnan á tvö þjóðríki hlið við hlið, Palestínu og Ísrael, var einhvern tímann sniðug, þá virðast Ísraelar hafa gert út um hana. Eitt sameiginlegt ríki, þar sem leiðarstefin væru lýðræði og mannréttindi,

Að semja um hið ósemjanlega

Framhald af bls. 8

Þessara „friðarviðræðna“, tilgangurinn er yfirráð og brottrekstur. Þegar Ísraelar sitja við samningaborð samtímis því að þeir byggja fleiri ólöglegar íbúðir á herteknum svæðum er það ekkert annað en yfirlýsing um að þeir eru ekki semja. Þeir eru að vinna tíma og jafnframt að segja öllum að þeir fari sínu fram hvað sem alþjóðalög og samningar kveða á um. Þeir eru í raun að senda umheiminum þau skilaboð að hér séu þeirra skilmálar algildir og tilraunir Bandaríkjanna til þess að láta líta svo út að hér séu raunverulegir samningar á ferðinni séu í best falli hlægilegar.

Netanyahu með spil á hendi

Nýlega var birt bréf frá Obama til Netanyahu sem sýnir hver staða Ísraela er í þessum viðræðum. Vegna væntanlegra kosninga í Bandaríkjunum þá reyndi Obama að fá Netanyahu til að fallast á 60 daga viðbótarfyrstingu á ólöglegum íbúðabyggingum á hernumdum svæðum. Gegn þessum greiða lofaði Obama að stjórn sín myndi ekki framar krefjast stöðvunar á ólöglegum landtökubýggðum, beita áfram neitunarvaldi gegn öllum tillögum í Öryggisráðinu sem kæmu Ísrael illa og auka þrýsting á Íran í samræmi við kröfur Ísraela. Netanyahu svar-

aði þessu með því að aflétta byggingabanninu og sýndi þar með að hann getur haldið sínu strik þvert gegn tilraunum Obama til að framkvæma andlitslyftingu sem kæmi demókrötum betur í kosningaslagnum. Netanyahu veit að styrkur hagsmunasamtaka zíonista í Bandaríkjunum er slíkur að forseti ríkisins verður sem leiksoppur í þeirra höndum.

Staða Palestínumanna í þessum viðræðum er afar veik sökum þess að fulltrúar þeirra hafa mjög veika stöðu. Mahmoud Abbas forseti Palestínumanna er umboðslaus. Boða átti til þingkosninga í Palestínu skv. lögum í janúar 2009, en Abbas aflýsti þeim af ötta við fylgistap Fatahhreyfingarinnar. Forsætisráðherrann Salam Fayyad fylgir Abbas í viðræðunum. Hreyfingin sem Abbas styðst við hlaut 2% atkvæða í síðustu kosningum – hann telst því ekki atkvæðamikill og umboð hans er takmarkað.

Staða Ísraelsstjórnar innanlands

Færi svo að Netanyahu eða arftaki hans hyggðist draga úr kúguninni gegn Palestínumönnum þá eru mörg ljón á veginum. Í fyrsta lagi er það auðvitað stefna zíonista að yfirtaka allt svæðið sem þeir telja sitt og hinir trúaðri telja að sé skv. afsali frá Guði. Stefnumbreyting sem þessi er í

gæti hins vegar leyst hnúttinn. Þörfin fyrir tvö ríki er líka vandséð, ef menn geta á annað borð lifað í sátt. Raunar fer talsmönnum tveggjaríkja-stefnunnar fækkandi meðal stuðningsmanna frjálsrar Palestínu, á meðan ísraelsk stjórnvöld, heim-svaldasinnaðir stuðningsmenn þeirra og samverkamenn þeirra í forystu Fatah eru helstu talsmenn hennar. Samstaða með Palestínumönnum hlýtur að fela í sér að taka þátt í uppbyggilegri og gagnrýnni samræðu um stefnuna í baráttunni. Þótt vopnuð andspyrna kunni að eiga rétt á sér formlega, grefur hún undan því markmiði að arabar, gyðingar og fleiri geti búið saman í einu ríki í framtíðinni. Sem pólitísk strategía er hún því röng. Og sem hernaðarleg strategía er hún fráleit, í ljósi valdahlutfallanna.

Höldum okkar striki, látum aldrei drepa umræðunni á dreif eða leiða hana afvega. Látum orðræðu hatursfullra afla eða velmeinandi úrtölumanna ekki stjórna hugsun okkar. Stöndum með því sem rétt er: Frjáls Palestína!

Vésteinn Valgeirsson

raun hluti af endalokum stefnunnar sem tilvera ríkisins byggir á. En hreint praktískt á litíð þá getur ríkisvaldið í Ísrael ekki leyst það verkefni að skila landinu sem þeir hafa tekið á Vesturbakkanum. Árið 2005 ákvað Sharon að landaræningjar sem höfðu sest að á Gaza skyldu flytja sig yfir á Vesturbakkann. Sá flutningur kostaði þvillík átök að samfélagið nötraði þegar her og lögregla fór og sótti 5000 landtökumenn. Áætlanir um að flytja 550,000 landtökumenn burt frá Vesturbakkanum munu aldrei ná fram að ganga. Ríkisvaldið ræður ekki við það, áhrif fasískra ofsatrúarmanna hafa aukist innan hers og lögreglu. Innan hersins er nú talið að um 30% yfirmanna komi úr röðum öfgafullra landtökumanna og stuðningsmanna þeirra.

Umræður um frið eða einhverskonar tilslakanir gagnvart Palestínumönnum eru því andvana fæddar og sýnir reynslan það mjög skýrt. Svo lengi sem bandarísk stjórnvöld styðja Ísraela og stefnu þeirra þá skiptir ekki máli hversu oft fulltrúar deiluaðila hittast og hversu margar ljósmyndir heimspressan birtir af brosandi diplómötum. Hið svokallaða alþjóðasamfélag hefur látið þetta mál dandalast í þessum vonlausa faravegi í marga áratugi og enn er engin breyting í sjónmáli.

Joe Sacco er margverðlaunaður myndasöguhöfundur sem stundar rannsóknarfréttamennsku í myndasöguformi. Hann hefur sérhæft sig í sögum frá stríðshrjádum svæðum, fyrst og fremst Bosníu og Palestínu. Helstu verk hans eru Palestine (kom fyrst út í seríuformi á árunum 1993-5, gefið út í einni bók 2001), Safe Area Goražde (2001) og nú síðast Footnotes in Gaza (2009).

Joe Sacco fæddist á Möltu en fjölskylda hans fluttist með hann til Ástralíu árið eftir og ólst hann þar upp til 1972, þegar fjölskyldan flutti til Bandaríkjanna.

Sacco er með BA-gráðu í fréttamennsku frá háskólanum í Oregon. Hann sýndi myndasögum og satíru snemma áhuga en einnig ferðamennsku og vann fyrir sér á tímabili við að skrifa ferðabækur. Árið 1985 stofnaði hann blað sem gaf út óhefðbundnar og satíriskar myndasögur, Permanent Press, en þegar blaðið fór á



hausinn hóf hann störf sem fréttaritari hjá The Comics Journal.

Árið 1988 ferðaðist Sacco um Evrópu, og skrifaði seinna um það ferðalag myndasöguna Yahoo. Hann tók þá að kynna sér betur Persaflóastríðið og átti eftir að skrifa styttri verk um það (sjá t.d. myndasögusafnið War Junkie). Þetta varð um leið til þess að hann gerði sér ferð til Ísraels og hernumdu svæðanna og dvalist þar meðal Palestínumanna í desember 1991 og janúar 1992. Palestine fjallar um dvöl hans þar.

Eins og í öðrum verkum sínum lýsir Sacco þarna því sem á daga hans sjálfs drifur, daglegu lífi fólksins, og leyfir hann því að segja sögu sína, sem hann vinnur svo verk sitt út frá. Hann skoðar ástandið frá margvíslegum sjónarhornum og vinnur ítarlega rannsóknarvinnu. Hann nálgast verk sín af miklum heiðarleika, hreinskilni og hugrekki.

Það er jafnframt styrkur Saccos að hann reynir ekki að fegra efni sitt, heldur

Maður er nefndur Joe Sacco

leitast hann fyrst og fremst við að varpa fram greinagóðri mynd af viðfangsefni sínu. Hann sýnir okkur fólk í breyskleika sínum, með kostum sínum og göllum, löngunum, vonum, fordómum og hégóma, svo það verður mannlegt fyrir lesandanum og þar með auðveldara að



samsama sig því. Og þrátt fyrir átakanlegar sögur er einnig húmor í bókunum og slegið á léttu strengi inn á milli.

Í verkum sínum er Sacco ávallt meðvitaður um það að jafnvel þegar hann kynnist fólki vel, þá stendur hann utan við, er útlendingurinn, gesturinn. Þannig birtist hann líka í sjálfsmyndum þar sem hann ýkir sjálfan sig og gerir sig hálf skrípalegan, svo hann virkar „nördalegri“. Sacco gerir sér einnig grein fyrir að sögurnar verða alltaf hlutlægar, hvort

sem um hans sjónarhorn eða viðmælenda er að ræða.

Vert er að mæla heilshugar með verkum Saccos.Í Safe Area Goražde segir hann frá fjögurra mánaða dvöl sinni í samnefndum bæ í Austur-Bosníu á árunum 1994 til 1995, á meðan stríðið geisaði. Saga bæjarins og fólksins verður jafnframt smækkuð mynd af stríðinu sjálfu, maður fær áþreifanlega mynd af fólkinu og því hvernig það upplifði stríðið og einangrunina á þessu svæði, sem átti að heita verndað af Sameinuðu þjóðunum, en þær brugðust þegar á hólminn var komið. Sacco hefur einnig fjallað um Bosníu í verkunum The Fixer, Soba og Christmas With Karadzic (þeim tveimur seinni var safnað í bókina War's End).

Í nýjustu bókinni, Footnotes in Gaza, beinir Sacco sjónum að atburði sem sagan hefur almennt gleymt, þó að þeir sem upplifðu hana hafi það síður. Jafnframt er verkið án efa metnaðarfullsta verk Sacco til þessa, 388 síður (328 með eftirmála).

Atburðurinn sem um ræðir eru fjöldamorð sem hersveitir Ísraels unnu í Rafah og Khan Younis árið 1956. Þau fjöldamorð voru sjálf neðanmálgrein átaka milli ísraelskra sveita og palestínskra skæruliða, sem tengdust jafnframt stríðinu sem þá geisaði milli Egyptalands annars vegar og bandalags Ísraels, Bretlands og Frakklands hins vegar.

Um þetta segir Sacco meðal annars í bókinni og ekki laust við að íronía fylgi orðunum: „Sagan getur án neðanmálgreina verið. Neðanmálgreinar eru í besta falli ónauðsynlegar; í versta falli trufla þær heildarfrásögnina. Við og við, þegar djarfari ritstjórar, sem halda sig fremur við meginatburði, koma fram, hristir sagan alveg af sér sumar neðanmálgreinar, og maður getur séð hvers vegna... sagan er nú þegar troðfull af þeim. Hún getur ekki annað en skapað nýjar síður á hverri klukkustund, á hverri mínútu. Sögunni svelgist á ferskum atburðum og gleypir hverja þá gömlu sem hún getur. Stríðið 1956? Hu?“

Verkið sýnir lífið á Gaza og sögu þess fyrr og nú. Sacco tók viðtöl við sjónarvotta morðanna og eftirlifendur, rannsakaði gögn um atburðina og gerði sitt besta til að púsla saman frásögn af þessu. Hann ræddi einnig við talsmenn ísraels hers um þetta og fleira, ekki síst Mordchai Bar-On sem var hægri hönd varnarmálaráðherra Ísraels í stríðinu, Moshe Dayan.

Rannsókarvinna Sacco er eins og ævinlega til fyrirmyndar. Við skynjum

Framhald á bls. 18

Yfirlit yfir starfsemi félagsins frá síðasta tölublaði

Níundi nóvember er dagur falls Berlínarmúrins og hann markar einnig upphaf alþjóðlegrar samstöðuviku gegn Aðskilnaðarmúrnum í Palestínu. Þá er 29. nóvember alþjóðlegur samstöðudagur með palestínsku þjóðinni að undirlagi Sameinuðu þjóðanna. Félagið heldur iðulega menningardagskrá í því tilefni og var hún haldinn í fyrra í Norræna húsinu, með fræðsluerindum, kynningu á starfinu og tónlistaratriðum. Útgáfa Frjálsrar Palestínu miðast eins og oft áður við þessa dagsetningu.

Aðrar fastar dagsetningar í starfi félagsins eru 23. desember og 1. maí, þá fer fram kynningar- og fjáröflunarátak, sýning og sala á palestínskum varningi í fullu fjöri, söfnunarbaukar ganga um og starfsemi félagsins er gerð sýnileg eftir megni.

Viðhald heimasíðunnar, www.palestina.is hafði legið í láginni en gerð var bragarbót í vetur, eins og við lofuðum. Á síðunni er nú drjúgur fróðleikur og þar má fylgjast með því sem er á döfinni. Hrafn Malmquist hefur tekið að sér umsjón með vefnum og Hilmar Þór sér um grafík. Fréttabréf verða áfram send á netföng félagsmanna.

Fræðsla, kvikmyndir og rokk

Stjórnamenn mættu í marga framhaldsskóla og héldu fræðsluerindi. Flestir þeirra hafa komið til Palestínu og miðluðu reynslu sinni. Annar liður í starfsemi félagsins er þátttaka ljósmyndasýningum og kvikmyndahátíðum, meðal annars var málþing og fræðsla á dögum RIFF kvikmyndahátíðarinnar. Þá hafa á hverju ári verið haldnir rokktonleikar til stuðnings málstaðnum. Allur ágóði af þessu starfi rann sem fyrr óskiptur í Neyðarsöfnun FÍP og afrakstur alls fjáröflunarátaks hefur skilað metárangri í ár, yfir 5.5 milljónum.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Iðnó þann 25. apríl 2010. Fundarstjóri var Anna Pála Sverrisdóttir. Flestir voru endurkjörnir í stjórn en Anna Tómasdóttir og Katrín Mixa hurfu úr stjórn. Í þeirra stað bættust 5 nýir meðlimir, svo nú samanstendur stjórn af 7 í aðalstjórn og 7 í vara-stjórn.

Útifundur og sniðganga

Útifundur var haldinn á Lækjartorgi 9.



júlí 2010. Tilefnið var alþjóðlegur samstöðudagur með sniðgönguaðgerðum gagnvart Ísrael. Þar héldu erindi Sveinn Rúnar Hauksson læknir formaður FÍP, Salmann Tamimi tölvunarfræðingur, formaður Félags múslima á Íslandi og Sigurlaug Gunnlaugsdóttir sagnfræðingur og baráttukona. Meðan á fundi stóð átti sér stað söfnun fyrir Geðhjálparsamtökin á Gaza. Félagsmenn stóðu og að nokkrum sniðgönguaðgerðum yfir árið og öðrum táknrænum mótmælaaðgerðum þegar þurfa þótti. M.a. dreifðu menn límmiðum með sniðgönguhvatningu í verslanir, KAUPUM EKKI VÖRUR FRÁ ÍSRAEL, STÖÐVUM HERNÁMIÐ. Loks er vert að nefna að hin árlega hátíð Matur og menning var haldin í október.

Gervifætur til Gaza

Drjúgu fé var veitt úr neyðarsjóði til barnastarfs á Gaza. Ekki má svo gleyma hinu metnaðarfulla verkefni um smíði gervilima fyrir íbúa Gaza sem hafa misst limi vegna stríðsátaka og sjúkdóma. Þessi starfsemi er unnin í samstarfi við Össur Kristinnsson, stofnanda Össurar ehf, og fyrirtæki hans OK PRosthetics sem er rekið án hagnaðarsjónarmiða og eingöngu í tengslum við hjálparstarf á svæðum sem illa hafa orðið úti vegna fátæktar og stríðs.

Það verk var hafið á fyrra starfsári og því fylgt eftir núna. Fyrsta ferðin var farin í maí 2009 og þá tókst að smíða 26 fætur á 24 einstaklinga. Mjög langan tíma tók að fá leyfi fyrir aðra ferð, en sótt var um strax í september 2009. Það var ekki fyrr en í maí 2010 að leyfi höfðu fengist bæði fyrir bæði mannskapinn og efnið. Þegar



siðarnefnda leyfið fékkst þá var stutt í að fyrra rynni út en Sigrúnu Þorgeirsdóttur verkefnisstjóra, sem sá um samskiptin við hernámsyfirvöldin, var ekki greint frá því. Hópurinn fór svo í september og þá var efnið gert upptækt í tolli og þegar það loks fékkst afhent gegn greiðslum skatta og sektar upp á sjö hundruð þúsund krónur, var hópnum ekki hleypt inn ím Erez, vegna þess að leyfið væri orðið meira en sex mánaða gamalt! Hópurinn varð frá að hverfa og hélt hver til síns heima nema Sveinn Rúnar, sem náði að komast inn á Gaza nokkrum dögum síðar. Hann flutti síðan efnið inn á Gaza og mánuði síðar kom Óskar Þór Lárusson og smíðaði 21 gervifót á 18 einstaklinga á fjórum dögum og kenndi jafnframt aðferðina.

Framhald á bls. 17



Málgagn Félagsins Ísland-Palestína
1. tbl. 22. árg. – Nóvember 2010
Ritstjórn: Einar Steinn Valgarðsson og
Hjálmtyr Heiðdal
Útlit og umbrot: Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:
Sveinn Rúnar Hauksson, formaður
Borgþór S. Kjærnested, varaformaður
Lára Jónsdóttir, gjaldkeri
Einar Steinn Valgarðsson, ritari
Einar Teitur Björnsson, sölustjóri
Egill Bjarnason, sjálfbæðingastjóri
Eldar Ástþórsson

Varastjórn:
Sema Erla Serdar, neyðarsöfnunarstjóri
Hjálmtyr Heiðdal, kynningarstjóri

Aron Björn Kristinsson, skólafulltrúi
Yousef Tamimi, sniðgöngustjóri
Haukur Sveinsson, viðburðastjóri
Anna Pála Sverrisdóttir
Linda Ósk Árnadóttir

Félagið Ísland-Palestína
Depluhólar 9, 111 Reykjavík
Sími: 895 1349
Heimasíða: www.palestina.is
Netfang: palestina@palestina.is

„If you are neutral in situations of injustice, you have chosen the side of the oppressor.“

Desmond Tutu

Stuðningur við ofbeldi gegn Palestínu:

„Vináttu“kappleikur við Ísrael

Þann 17. nóvember sl. var háður í Tel Aviv, það sem nefnt var vináttu-landsleikur milli landsliða Íslands og Ísrael. Þetta gerist á sama tíma og um heiminn fer bylgja andúðar og mótmæla gegn ofbeldisverkum Ísraelsstjórnar gegn Palestínumönnum. Stjórn Félagsins Ísland-Palestína mótmælti þessum leik, á þeim forsendum að þarna væri Knattspyrnusamband Íslands að lýsa yfir stuðningi við þá kynþáttastefnu sem ríkjandi er í Ísrael og beinist aðallega gegn Palestínumönnum.

Fulltrúar stjórnar FÍP gengu á fund Þóris Hákonarsonar og afhentu honum ályktun gegn þessum landsleik. Í ályktuninni kemur fram harmur yfir því að KSÍ kjósi að skipuleggja þennan leik „á sama tíma og ísraelsk yfirvöld halda ólöglegu hernámi sínu í Palestínu til streitu og tilkynna um aukið landráð og byggingu landsetubýggða á herteknu palestínsku landi.“

„Með þessu er stærsta og öflugasta félagasamband íþróttafélaga á Íslandi að senda bæði ísraelskum yfirvöldum og íbúum hertekinnar Palestínu, sem búa við dagleg mannréttindarbrot og kúgun, skýr skilaboð. Í stað þess að taka undir ákall palestínskra mannréttindahreyfinga til heimsbyggðarinnar, um stuðning við friðsamlega bæráttu íbúa herteknu svæðanna gegn hernámi í landi sínu, með þátttöku í alþjóðlegri sniðgöngu á viðskipta- menningar- og íþróttasamskiptum við Ísrael – þar til ísraelsk stjórnvöld fari að alþjóðalögum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna, ákveður KSÍ að

„Skilaboð okkar eru skýr:

Ekkert umburðarlyndi gagnvart

kynþáttahatri, ofbeldi og

lyfjamisnotkun. Knattspyrna

sameinar fólk og er hafin yfir

ósætti. Húðlitar er ósýnilegur

undir keppnistreyjunni og þannig

mun það alltaf verða fyrir UEFA.

Kynþáttahatur og hver önnur mynd

mismununar verður ekki liðin . . .“

Síðareglur UEFA

leika vináttulandsleik við landslið hernámssveldisins.“

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, tók við ályktuninni og ræddi við full-

trúa FÍP um málið. Hann hafði svo sem ekki mikið annað fram að færa en þá gömlu tuggu að ekki ætti að blanda saman stjórnámum og íþróttum.

Filharmoníuhljómsveit Ísraels í Hörpuna

Þegar skoðuð er metnaðarfull atburðaskrá tónlistarhússins Hörpunnar eftir vígluhátíðina næsta ár, kemur í ljós að einnig á þessu sviði menningarnar þarf að hafa varann á. Þar kemur sumsé fram að í október 2011 er á dagskránni Filharmoníuhljómsveit Ísraels. Þarna er verk að vinna. Það erfráleitt að menningarlegum skrautfjöðrum ofbeldisríkisins Ísraels sé hampað eins og um fulltrúa siðmenntaðrar þjóðar sé að ræða. Komum í veg fyrir þessa heimsókn.

Speki dagsins

„Öryggi fyrir Gyðinga-rikið Ísrael“

Ísraelar hófu að reisa nýjan múr sl. mánudag; í þetta sinn 240 km langan yfir Sínaíeyðimörkina. Múrin er sagður til þess ætlaður að hindra smygl og ólöglega innflytjendur frá Egyptalandi. „Þessi framkvæmd er til þess ætluð að veita lýðræðislega gyðingaríkinu Ísrael öryggi“, sagði Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra, þegar hann tilkynnti fyrirhugaðar framkvæmdir í byrjun árs.

Ekkert samband sjáanlegt

„Ísrael kemur ekki auga á nein tengsl milli friðarferlisins og stefnu sinnar í skipulags- og byggingarmálum í Jerúsalem“, segir í fréttatilkynningu frá Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels. „Stefnan hefur verið óbreytt í 40 ár. Jerúsalem er ekki byggð. Jerúsalem er höfuðborg Ísraels“, segir í fréttatilkynningunni.

Viðtakandi: